



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA



Air Iceland Connect



ISAVIA



Markaðsstofa Norðurlands
nordurland.is



Viðhorf ferðamanna í flugi milli Keflavíkur og Akureyrar Niðurstöður könnunar meðal farþega

Eyrún Jenný Bjarnadóttir
2018

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2018

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurljóð, IS-600 Akureyri

Sími: (+354) 460-8930

Rafpóstur: rmf@unak.is

Veffang: www.rmf.is

Titill: Viðhorf ferðamanna í flugi milli Keflavíkur og Akureyrar. Niðurstöður könnunar meðal farþega

Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Kápa: Ásprent-Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF-S-12-2018

ISBN: 978-9935-437-78-5

ISSN: 1670-8857

Forsíðumynd: Akureyrarflugvöllur © Markaðsstofa Norðurlands

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

EFNISYFIRLIT

Myndaskrá	3
Töfluskrá	4
Samantekt.....	5
Inngangur.....	6
Gögn og aðferðir.....	7
Spurningalistinn	7
Framkvæmd.....	9
Úrvinnsla.....	9
Pátttakendur könnunar	11
Ferðaskipulag og ferðavenjur	15
Erlendir ferðamenn (á Norðurlandi).....	22
Mælingar á útgjöldum ferðamanna	28
Upplýsingaveitur um Norðurland	29
Upplifun af Norðurlandi	32
Þjónusta Air Iceland Connect	35
Athugasemdir svarenda.....	36
Tengiflug	36
Upplifun á Keflavíkurflugvelli.....	37
Innritun og farangur	39
Ófyrirsjáanlegt	40
Aðrar athugasemdir.....	41
Lokaorð og umræður.....	42
Hverjir fóru til útlanda?	42
Hverjir komu til Íslands?	42

Upplýsingar.....	44
Upplifun.....	44
Tengiflugið og þjónusta flugrekanda.....	44
Lokaorð.....	45
Heimildir.....	46
Viðauki 1.....	48
Spurningalisti.....	48
Viðauki 2.....	60
Hvers vegna valdir þú að koma til Norðurlands? Svör við opinni spurningu.....	60
Hvað var það minnisstæðasta frá heimsókn þinni á Norðurland svör við opinni spurningu.....	62
Hvaða þætti þarf að bæta í ferðaþjónustu á Norðurlandi? Svör við opinni spurningu.....	64
Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri í lokin? Svör við opinni spurningu.....	66
Viðauki 3.....	83
Bakgrunnsgreiningar fyrir spurningar um þjónustu Air Iceland Connect.....	83

MYNDASKRÁ

Mynd 1 Skjáskot frá könnuninni.....	7
Mynd 2 Svarhlutfall eftir mánuðum á tímabili könnunar.....	9
Mynd 3 Búsetulönd svarenda.....	13
Mynd 4 Helstu búsetulönd svarenda (önnur en Ísland).....	13
Mynd 5 Skipting svarenda í könnun eftir markaðssvæðum og samanburður við Landamærakönnun tímabilið júlí '17 - febrúar '18.....	14
Mynd 6 Hlutfall svarenda í millilandaflugi hjá innlendu eða erlendu flugfélagi.....	15
Mynd 7 Notaðir þú tengiflugið milli Keflavíkur og Akureyrar aðra leiðina eða báðar leiðir? .	16
Mynd 8 Hver skipulagði ferðina?.....	17
Mynd 9 Megintilgangur ferðar.....	19
Mynd 10 Ferðafélagar svarenda.....	20
Mynd 11 Hvaða land/lönd heimsóttir þú í ferð þinni til útlanda?	21
Mynd 12 Hefur þú komið áður á Norðurland?.....	23
Mynd 13 Hvaða landshluta (aðra en Norðurland) heimsóttir þú?.....	25
Mynd 14 Hvaða gistimáta nýttir þú þér á Norðurlandi?	26
Mynd 15 Hvaða ferðamáta nýttir þú þér á Norðurlandi?	26
Mynd 16 Hvaða svæði/staði á Norðurlandi heimsóttir þú í ferðinni? Tíu algengustu svörin .	27
Mynd 17 Hvaða afþreyingu nýttir þú þér á Norðurlandi? Tíu algengustu svörin.....	28
Mynd 18 Upplýsingaveitur sem vöktu athygli svarenda á Norðurlandi	30
Mynd 19 Upplýsingaveitur sem voru notaðar til að skipuleggja (og bóka) ferð á Norðurland áður en ferð var farin	31
Mynd 20 Upplýsingaveitur sem voru notaðar til að finna upplýsingar um framboð á Norðurlandi, til að bóka þjónustu eða til skipulagningar í ferðinni. Tíu algengustu svörin	31
Mynd 21 Hvernig metur þú heildarupplifun þína af Norðurlandi	32
Mynd 22 Upplifun af Norðurlandi lýst í einu orði.....	32
Mynd 23 Mat farþega á þjónustu Air Iceland Connect á skalanum 1-10 (meðaltal)	35

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1 Skipting spurningalistans eftir þáttum og hvaða hópar svöruðu hverjum hluta.....	8
Tafla 2 Bakgrunnur svarenda.....	12
Tafla 3 Notaðir þú tengiflugið aðra leiðina eða báðar leiðir? Bakgrunnsgreining	16
Tafla 4 Hver skipulagði ferð? Bakgrunnsgreining.....	18
Tafla 5 Megintilgangur ferðar - Bakgrunnsgreining	19
Tafla 6 Meðaldvalarlengd (nætur).....	21
Tafla 7 Hvers vegna valdir þú að koma til Norðurlands?.....	24
Tafla 8 Meðaldvalarlengd á Norðurlandi (nætur)	24
Tafla 9 Hvað var það minnisstæðasta frá heimsókn þinni á Norðurland?	33
Tafla 10 Hvaða þætti þarf að bæta í ferðapjónustu á Norðurlandi?	34
Tafla 11 Athugasemdir svarenda: Tengiflug.....	37
Tafla 12 Athugasemdir svarenda: Upplifun á Keflavíkurflugvelli	39
Tafla 13 Athugasemdir svarenda: Innritun og farangur	40
Tafla 14 Athugasemdir svarenda: Ófyrirsjáanlegt.....	41
Tafla 15 Athugasemdir svarenda: Aðrar athugasemdir.....	41
Tafla 16 Hversu ánægð(ur) varstu með þjónustu AIC í flugstöð Akureyrarflugvelli? Bakgrunnsgreining.....	83
Tafla 17 Hversu ánægð(ur) varstu með þjónustu AIC í flugstöð Keflavíkurflugvelli? Bakgrunnsgreining.....	83
Tafla 18 Hversu ánægð(ur) varstu með þjónustu AIC um borð í vélinni? Bakgrunnsgreining	84
Tafla 19 Hversu vel/illa gekk þér að innrita þig í beint tengiflug AIC frá Akureyri til Keflavíkur? Bakgrunnsgreining.....	84
Tafla 20 Hversu vel/illa gekk þér að innrita þig í beint tengiflug AIC frá Keflavík til Akureyrar? Bakgrunnsgreining.....	85
Tafla 21 Hversu sýnilegar þykir þér merkingar AIC í Keflavík vera? Bakgrunnsgreining	85
Tafla 22 Hversu líklegt/ólíklegt er að þú ferðist aftur með AIC beint milli Keflavíkur og Akureyrar? Bakgrunnsgreining.....	86

SAMANTEKT

Markmið þessarar könnunar var að kanna viðhorf ferðamanna í beinu tengiflugi milli Keflavíkur og Akureyrar. Áhersla var lögð á að safna gögnum um erlenda ferðamenn í tengifluginu sem myndu varpa ljósi ferðahegðun og neyslu þeirra á Norðurlandi. Einnig var kannað hvaða aðrir hópar hefðu verið í tengifluginu, hvað hefði einkennt þá, hvernig ferðaskipulagi þeirra hefði verið háttað, hvaða flugtengingar þeir hefðu notað ásamt viðhorfi þeirra til þjónustu flugfélagsins. Könnunin var netkönnun sem var send til þátttakenda að lokinni ferð á tímabilinu júlí 2017 til febrúarloka 2018.

Helstu niðurstöður eru að meirihluti svarenda var búsettur á Íslandi. Helmingur svarenda hafði farið með tengiflugi báðar leiðir. Af þeim sem fóru aðeins aðra leið voru hlutfallslega fleiri sem fóru legginn Keflavík-Akureyri en Akureyri-Keflavík. Stærsti hluti erlendra ferðamanna hafði komið áður til Íslands og var að heimsækja vini og ættingja. Svarendur létu í ljós ánægju með tengiflugið sem valkost við millilandaflug og vildu helst að ferðum yrði fjölgað. Svörin báru þess vitni að einhverjir hnökrar hefðu verið á fyrirkomulagi og aðstöðu fyrir innanlandsflug á Keflavíkuvelli sem svarendur upplifðu á neikvæðan hátt. Engu að síður voru svarendur afar ánægðir með flesta þjónustubætti flugrekanda.

Gagnaöflun var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri en Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) sá um úrvinnslu gagna og verkefnastjórn. Skýrslan er unnin fyrir Markaðsstofu Norðurlands (MN) en auk MN voru aðrir samstarfsaðilar Air Iceland Connect og Isavia.

INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunar meðal farþega í beinu innanlandsflugi Air Iceland Connect milli Akureyrar og Keflavíkur í tengslum við millilandaflug frá Keflavík. Könnunin hófst í júlí 2017 og stóð út febrúar 2018.

Markmið könnunarinnar var að kanna viðhorf ferðamanna í beinu flugi milli Keflavíkur og Akureyrar. Um var að ræða vefkönnun og var hún send á skráð netföng farþega í tengifluginu.

Gagnaöflun var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri en Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) sá um úrvinnslu gagna og verkefnastjórn. Skýrslan er unnin fyrir Markaðsstofu Norðurlands (MN) en auk MN voru aðrir samstarfsaðilar Air Iceland Connect og Isavia.

Skýrslan er í átta köflum. Á eftir inngangi er greint frá framkvæmd rannsóknar, gögnum og aðferðum. Niðurstöðum rannsóknarinnar er skipt í fimm hluta/kafla. Í fyrsta hluta er greint frá þátttakendum könnunarinnar. Í öðrum hluta eru teknar saman niðurstöður um ferðaskipulag og ferðavenjur svarenda. Í þriðja hluta er fjallað um þann hluta rannsóknarinnar sem snéri að erlendum ferðamönnum á Norðurlandi. Fjórdi hluti fjallar um mat svarenda á þjónustuþáttum Air Iceland Connect og í fimmta hluta er greint frá athugasemdum svarenda. Í lokin eru helstu niðurstöður teknar saman.

GÖGN OG AÐFERÐIR

Könnunin var vefkönnun sem var send á skráð netföng farþega sem höfðu nýtt sér flugtengingu Air Iceland Connect milli Keflavíkur og Akureyrar frá því sumarátun flugfélagsins hófst í júní 2017 (sjá mynd 1). Samkvæmt áætlun í júní 2017 var flogið var 1-2 sinnum í viku en í lok mánaðarins tilkynnti flugfélagið að vegna lítillar aðsóknar yrði flugum fækkað niður í eitt á viku yfir sumarið (Mbl.is, 2017, 30. júní). Þegar vetraráætlun tók gildi í nóvember fjölgaði flugum í sex á viku.

Spurningalistinn

Spurningalistinn (Viðauki 1) var í átta hlutum og fengu svarendur að hluta til mismunandi spurningar allt eftir því hvort þeir voru í ferð til Íslands eða frá Íslandi. Þessir tveir hópar voru aðgreindir í upphafi könnunar með spurningu um búsetuland. Samsetning farþega, eða stærð þessara tveggja hópa, var ekki þekkt áður en könnunin hófst.



Mynd 1 Skjaskot frá könnuninni

Upphaflega var lagt upp með að safna gögnum um erlenda ferðamenn í tengifluginu og var því stærstur hluti gagnaöflunarinnar helgaður þessum hópi. Þær spurningar í könnuninni voru aðeins á ensku. Hvað aðra hópa varðar, þ.e. fólk með búsetu á Íslandi og Íslendinga með búsetu í útlöndum, var aðeins lagt upp með að safna gögnum um einkenni hópanna, ferðaskipulag, flugtengingar og þjónustu Air Iceland Connect. Í töflu 1 má sjá hvernig spurningalistinn skiptist og hvaða hópar svöruðu hverjum hluta.

Tafla 1 Skipting spurningalistans eftir þáttum og hvaða hópar svöruðu hverjum hluta

Þættir		Fólk með búsetu á Íslandi	Íslendingar með búsetu erlendis	Erlendir ferðamenn
Einkenni hópa (grunnbreytur)	Búsetuland	x	x	x
	Póstnúmer	x		
	Kyn	x	x	x
	Aldur	x	x	x
	Menntun	x	x	x
	Tekjustig	x	x	x
Ferðaskipulag og ferðavenjur	Hvaða flugfélag til/frá Íslandi	x	x	x
	Hvernig tengiflug var notað	x	x	x
	Skipuleggjandi ferðar	x	x	x
	Ferðafélagar	x	x	x
	Tilgangur ferðar	x	x	x
	Dvalarlengd	x	x	x
	Áfangastaður (land)	x		
	Áður til Íslands			x
Erlendir ferðamenn (á Norðurlandi)	Áður á Norðurland			x
	Hvers vegna Norðurland			x
	Dvalarlengd			x
	Gistimáti			x
	Ferðamáti			x
	Heimsóttir staðir			x
	Afþreying			x
	Aðrir heimsóttir landshlutar			x
Útgjöld			x	
Upplýsingaveitur um Norðurland	Veitur sem vöktu athygli á áfangastað			x
	Veitur notaðar til ferðaskipulagningar			x
	Veitur notaðar í ferð			x
Upplifun af Norðurlandi	Heildarupplifun			x
	Norðurlandi lýst í einu orði			x
	Minnstæðasta upplifunin			x
	Athugasemdir um ferðaþjónustu			x
Þjónusta AIC	Ánægja með þjónustuþætti AIC	x	x	x
Athugasemdir	Athugasemdir svarenda (opin spurning)	x	x	x


Nýleg landamæra- og viðhorfskönnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands var með góðfúslegu leyfi höfð til hliðsjónar í spurningum sem vörðuðu grunnbreytur, ferðaskipulag og ferðavenjur. Hluti spurningalistans snéri að ferðavenjum erlendra ferðamanna á Norðurlandi og byggði á eldri könnunum RMF meðal farþega í beinu millilandaflugi frá Akureyri á árunum 2009-2012 (Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens, 2012; Edward H. Huijbens og Jón Gestur Helgason, 2011; Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2011; Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Jón Gestur Helgason, 2010). Þær kannanir voru gerðar við brottfarahlíðið á

Akureyrarflugvelli. Lokahlutar spurningalistans snéru að mati svarenda á tilteknum þjónustupáttum Air Iceland Connect og í opinni spurningu var þátttakendum boðið að koma með athugasemdir. Allir þátttakendur fengu að svara þessum hluta könnunarinnar.

Framkvæmd

Þáttökubeiðni ásamt tengli á könnun var send út á netföng einstaklinga að lokinni ferð (e. *post-trip survey*). Könnunin, sem var á ensku og íslensku, var send út innan tveggja vikna frá ferðalokum og ef könnuninni var ekki svarað innan tiltekins tíma var sendur einn póstur til þess að minna á könnun. Á tímabilinu byrjun júlí 2017 til febrúarloka 2018 var könnunin send á 1.645 virk netföng. Í upphafi var stefnt að því að svarhlutfall yrði á bilinu 24-26%. Alls bárust 667 svör, þar af voru 635 svör nothæf. Ef miðað er við fjölda netfanga og fjölda nothæfra svara reyndist svarhlutfall vera 38,6% sem fór langt fram úr öllum væntingum.

Á mynd 2 má sjá að svarhlutfall var breytilegt eftir mánuðum og var á bilinu 34%-51% eftir mánuðum. Svarhlutfall var lægst í september 2018 en fór upp í 51% undir lok könnunarinnar. Á þeim tíma hafði Air Iceland Connect tilkynnt um að tengiflugi milli Keflavíkur og Akureyrar yrði hætt um vorið (Túristi, 2018, 14. febrúar).



Mynd 2 Svarhlutfall eftir mánuðum á tímabili könnunar

Úrvinnsla

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri sá bæði um öflun gagna og uppsetningu gagnagrunns í tölfræðiforritinu SPSS sem síðan var afhentur RMF til úrvinnslu. Við úrvinnslu var til jafns notast við SPSS og Excel.

Við greiningu var notast við þær tölfræðiaðferðir sem voru viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu. Krosstöflur voru keyrðar út þar sem við átti til að kanna dreifingu svara með tilliti til bakgrunns svarenda út frá kyni, aldri, menntun, tekjum og búsetu. Marktektarpróf voru notuð til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Notast var við kí-kvaðrat-próf í spurningum er varða bakgrunnsþætti, t-próf fyrir tveggja hópa bakgrunnsbreytur og einhliða fervikagreiningu (ANOVA) þar sem hópar voru fleiri en tveir. Tölfræðileg marktækt miðast við p -gildi undir 0,05 og er marktæktin gefin til kynna með stjörnu í töflum. Ekki eru reiknuð marktektarpróf í spurningum þar sem svarendur gátu gefið fleiri en eitt svar. Bakgrunnsgreining og marktektarprófun var ekki gerð í þeim tilfellum þar sem fá svör voru á bak við tiltekna breytur. Framsetning niðurstaðna fyrir hverja spurningu er í myndum og töflum eins og við á hverju sinni. Eftir atvikum eru niðurstöður bornar saman við kannanir RMF sem gerðar voru í tengslum við millilandaflug um Akureyrarflugvöll á árunum 2009-2012.

ÞÁTTAKENDUR KÖNNUNAR

Tafla 2 gefur yfirlit yfir samsetningu svarenda út frá þeim grunnbreytum sem eru í könnuninni. Það eru upplýsingar um bakgrunn svarenda; kyn, aldur, menntun og mat á heildartekjum heimilis samanborið við meðaltekjur í heimalandi svarenda. Tekið skal fram að aðeins gild svör eru sett fram sem þýðir að samanlagður fjöldi svara mun ekki alltaf stemma við heildarfjölda svara í efstu línu (alls), þar sem sjá má skiptingu svarenda með tilliti til búsetu. Langflestir svarendur voru búsettir á Íslandi og telst sá hópur því hafa verið á ferð til útlanda. 27% svarenda hafði búsetu erlendis og telst því hafa verið á ferð til Íslands.

Eins og sjá má í töflu 2 svara fleiri konur könnuninni en karlar. Ef hóparnir eru skoðaðir út frá aldri má sjá að nokkur munur er á milli svarenda með tilliti til búsetu. Meðalaldur allra svarenda var 44 ár (staðalfrávik 14 ár). Meðalaldur svarenda með búsetu á Íslandi var 46 ár (staðalfrávik 14 ár) og meðalaldur svarenda með búsetu erlendis var 39 ár (staðalfrávik 13 ár). Sjá má að um helmingur svarenda með búsetu erlendis var á aldrinum 21-40 ára og að rúmlega helmingur svarenda með búsetu á Íslandi var á aldrinum 41-60 ára. Þessi munur á milli hópanna reyndist marktækur. Einnig var marktækur munur milli hópanna ef horft var til menntunar og til tekjustigs, en þeir sem voru búsettir erlendis voru líklegri til að hafa hærra menntunarstig en þeir sem höfðu búsetu á Íslandi og höfðu einnig frekar háar tekjur eða yfir meðallagi.

Tafla 2 Bakgrunnur svarenda

	Allir		Búsettir á Íslandi		Búsettir erlendis	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Alls	635	100%	462	73%	173	27%
Kyn Karl	202	40,2%	175	40,4%	27	38,6%
Kona	301	59,8%	258	59,6%	43	61,4%
Aldur* ≤ 20	29	4,6%	24	5,3%	5	2,9%
21-30	101	16,1%	52	11,4%	49	28,8%
31-40	116	18,5%	66	14,4%	50	29,4%
41-50	157	25,0%	130	28,4%	27	15,9%
51-60	137	21,9%	110	24,1%	27	15,9%
61-70	87	13,9%	75	16,4%	12	7,1%
Menntun* Grunnskólamenntun eða minna	54	8,9%	49	11,1%	5	3,0%
Nám á framhaldsskólastigi, iðnnám/starfsnám	179	29,5%	136	30,8%	43	26,1%
Grunnnám í háskóla	198	32,6%	145	32,8%	53	32,1%
Framhaldsnám í háskóla	176	29,0%	112	25,3%	64	38,8%
Tekjustig* Undir meðallagi	65	11,23%	52	12,3%	13	8,3%
Í meðallagi	269	46,46%	214	50,6%	55	35,3%
Yfir meðallagi	202	34,89%	133	31,4%	69	44,2%
Hátt	43	7,43%	24	5,7%	19	12,2%

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk.


Svarendur sem höfðu búsetu á Íslandi bjuggu nær allir eða 98% á Norðurlandi (greint út frá upplýsingum um uppgefin póstnúmer). Langflestir eða 94% bjuggu á starfssvæði Eypings og 91% í sveitarfélögunum við Eyjafjörð. Aðeins tæp 4% höfðu búsetu á Norðurlandi vestra og 2% bjuggu á öðrum landsvæðum en Norðurlandi, þá einna helst á Austurlandi.

Eins og sést í töflu 2 höfðu 173 svarendur búsetu erlendis en fyrir utan Ísland nefndu svarendur 36 mismunandi búsetulönd út um allan heim sem sjá má á mynd 3.



Mynd 3 Búsetulönd svarenda


Af þeim sem höfðu búsetu erlendis voru 40% Íslendingar. Þrír af hverjum fjórum höfðu búsetu í einu af þeim tíu löndum sem oftast voru nefnd en þau má sjá á mynd 4. Einn af hverjum fjórum hafði búsetu í einhverju af þeim 26 öðrum löndum sem voru nefnd.



Mynd 4 Helstu búsetulönd svarenda (önnur en Ísland)

Þar sem mikil svardreifing liggur að baki upplýsinga um búsetu erlendis verða gildi fyrir sérhvert búsetuland mjög fá og óráðlegt að greina svörin með frekara niðurbroti eftir kyni, aldurssamsetningu, menntun og tekjustigi svarenda. Þess í stað var gerð greining á niðurstöðum með tilliti til skiptingu markaðssvæða Íslands. Á mynd 5 má sjá skiptingu svarenda eftir búsetu á markaðssvæðum Íslands og samanburð við niðurstöður úr Landamæra- og viðhorfskönnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands á tímabili könnunarinnar


(júlí 2017 – febrúar 2018) (Ferðamálastofa, e.d.). Af þessu má ráða að hlutfall svarenda frá Norðurlöndum, Bretlandseyjum og Mið- og Suður-Evrópu er hærra í tengiflugi en í landamæra- og viðhorfskönnuninni. Sjá má að hlutfall svarenda frá Norður-Ameríku í tengiflugskönnun er mjög lágt í samanburði við landamæra- og viðhorfskönnun. Ekki er hægt að sjá úr gögnunum í hverju þessi mikli munur liggur en leiða má að því líkur að það kunnist vera vegna þess að tímasetningar áætluarflugs til/frá Norður-Ameríku, sem hjá íslensku flugfélögunum eru gjarnan síðdegis frá Íslandi og snemma morguns til Íslands og áætluar tengiflugs, sem var snemma morguns til Keflavíkur og síðdegis til Akureyrar, hafi ekki hentað. Niðurstöður svara eftir markaðssvæðum voru skoðaðar með tilliti til bakgrunns svarenda en í ljós kom að í nokkrum flokkum reyndist fjöldi svara enn of lítil til þess að hægt væri að greina þau eða túlka með áreiðanlegum hætti.



Mynd 5 Skipting svarenda í könnun eftir markaðssvæðum og samanburður við Landamæraökönnun tímabilið júlí '17 - febrúar '18

FERÐASKIPULAG OG FERÐAVENJUR


Svarendur voru spurðir með hvaða flugfélagi þeir fóru annars vegar til Íslands og hins vegar til útlanda. Í svarmöguleikum var gert ráð fyrir öllum þeim flugfélögum¹ sem vitað var að yrðu í millilandaflugi um Keflavíkurflugvöll þegar könnunin var í undirbúningi vorið 2017, alls 26 flugfélögum. Í báðum spurningunum var hægt að merkja við fleiri en einn valmöguleika. Dreifing í svörum var töluvert mikil en 20 af 26 mögulegum flugfélögum komust á blað hjá þátttakendum könnunarinnar. Þar sem svardreifing er mjög mikil og bakgrunnsgreining gaf engar afgerandi niðurstöður var ákveðið að taka saman skiptingu svarenda með tilliti til þess hvort þeir fóru ferðina milli landa með innlendu flugfélagi eða erlendu. Mynd 6 sýnir að tæplega 90% svarenda voru í millilandaflugi með innlendu flugfélagi. Enginn munur var á hlutdeild flugfélaganna ef svörin voru skoðuð með tilliti til búsetu svarenda annar en sá að fleiri erlend flugfélög voru nefnd af þeim sem bjuggu erlendis en af þeim sem höfðu búsetu á Íslandi.



Mynd 6 Hlutfall svarenda í millilandaflugi hjá innlendu eða erlendu flugfélagi

Á mynd 7 og í töflu 3 má sjá að jöfn hlutfallsleg skipting er á milli þeirra sem notuðu tengiflugið aðra leiðina og þeirra sem fóru báðar leiðir. Sjá má að nokkur munur er á svörum þeirra sem höfðu búsetu á Íslandi og þeim sem höfðu búsetu erlendis. Af þeim sem bjuggu erlendis og komu í ferð til Íslands fóru langflestir (70%) aðra leiðina en þeir sem bjuggu á Íslandi fóru annað hvort báðar (50%) leiðir eða aðra (50%). Marktækur munur var á svörum eftir búsetu. Einnig var marktækur munur ef horft var til aldurs svarenda en yngri aldurshópar voru marktækt líklegri en þeir eldri til að fara aðra leiðina. Munur á öðrum hópum var ekki marktækur.

¹ Skv. upplýsingum frá Isavia




Mynd 7 Notaðir þú tengiflugið milli Keflavíkur og Akureyrar aðra leiðina eða báðar leiðir?

Tafla 3 Notaðir þú tengiflugið aðra leiðina eða báðar leiðir? Bakgrunnsgreining

	Flaug báðar leiðir	Flaug aðra leiðina	Alls
Alls	49%	51%	489
Kyn Karl	55%	45%	194
Kona	46%	54%	295
Aldur* ≤ 20	29%	71%	28
21-30	31%	69%	97
31-40	42%	58%	114
41-50	50%	50%	154
51-60	50%	50%	133
61-70	60%	40%	82
Menntun Grunnskólamenntun eða minna	53%	47%	53
Nám á framhaldsskólastigi, iðnnám/starfsnám	41%	50%	176
Grunnnám í háskóla	51%	59%	193
Framhaldsnám í háskóla	42%	58%	176
Tekjustig Undir meðallagi	33%	67%	63
Í meðallagi	47%	53%	265
Yfir meðallagi	45%	56%	200
Hátt	47%	53%	43
Búseta* Á Íslandi	52%	48%	444
Erlendis	30%	70%	166

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk.

Mynd 8 sýnir að langflestir eða um 80% svarenda skipulögðu ferðina sjálf eða að ferðin var skipulögð af vini eða fjölskyldumeðlimi. Afar fáir eða 2% þeirra sem voru á ferð til Íslands sögðu að ferðin hefði verið skipulögð af ferðaskrifstofu en 9% svarenda á leið til útlanda völdu þennan möguleika. Þessi munur er þó ekki marktækur. Tafla 4 sýnir að munur á svörum með tilliti til bakgrunns svarenda er mjög lítill. Munur á svörum reyndist aðeins marktækur ef horft var til menntunarstigs svarenda en þeir sem höfðu lokið framhaldsnámi á háskólastigi voru marktækt líklegri en aðrir hópar til að skipuleggja ferðina sjálfir.



Mynd 8 Hver skipulagði ferðina?


Tafla 4 Hver skipulagði ferð? Bakgrunnsgreining

	<i>Vinur eða fjölskyldu-meðlimur</i>	<i>Ferða-skrifstofa</i>	<i>Ég sjálf(ur)</i>	<i>Alls</i>
Alls	14%	7%	79%	612
Kyn Karl	13%	12%	74%	194
Kona	15%	6%	79%	293
Aldur ≤ 20	23%	8%	69%	26
21-30	9%	4%	86%	96
31-40	12%	3%	85%	109
41-50	14%	5%	81%	152
51-60	12%	14%	74%	133
61-70	17%	10%	72%	87
Menntun* Grunnskólamenntun eða minna	26%	11%	63%	54
Nám á framhaldsskólastigi, iðnnám/starfsnám	15%	8%	77%	171
Grunnnám í háskóla	15%	8%	78%	193
Framhaldsnám í háskóla	6%	3%	90%	172
Tekjustig Undir meðallagi	16%	8%	75%	61
Í meðallagi	14%	5%	81%	261
Yfir meðallagi	12%	10%	79%	200
Hátt	7%	10%	83%	41
Búseta Á Íslandi	14%	9%	77%	443
Erlendis	12%	2%	86%	162

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk.

Mynd 9 sýnir í hvaða tilgangi ferðin var farin. Sjá má að meginatilgangur 40% allra ferða var frí en 35% ferða voru vegna heimsóknna til vina og ættingja en nokkur munur er á svörum þeirra sem fóru til Íslands og þeirra sem fóru til útlanda. Af þeim sem komu til Íslands voru flestir í heimsókn hjá vinum og ættingjum (51%). Aftur á móti var algengast að þeir sem fóru til útlanda væru í frí (43%). Munurinn milli þessara tveggja hópa reyndist marktækur. Konur voru marktækt líklegri en karlar til að fara í frí eða að heimsækja vini og ættingja en karlar voru líklegri til að hafa farið í viðskiptaerindum (sjá töflu 5).

Hátt hlutfall þeirra sem höfðu búsetu erlendis og sögðu meginatilgang ferðar vera annað hvort heimsóknir til vina og ættingja (51%) eða frí (32%) vekur eftirtekt. Í könnunum Ferðamálastofu á ferðavenjum erlendra ferðamanna segjast 85,9% vera að koma í frí en 2,8% að heimsækja vini og ættingja (Ferðamálastofa, e.d.). Í könnunum meðal erlendra ferðamanna á Íslandi frá árunum 2011-2016 var hlutfall frís/orlofs á bilinu 87-91% og hlutfall heimsóknna til vina og ættingja var á bilinu 5-9% (Markaðs- og miðlarannsóknir, 2012a; 2012b; Maskína 2014a; 2014b; 2016a; 2016b). Í könnunum RMF í tengslum við beint flug um Akureyrarflugvöll sumrin 2010-2012 var hlutfall heimsóknna til vina og ættingja 14-18% og frí 59-73% (Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens, 2012).



Mynd 9 Megintilgangur ferðar


Tafla 5 Megintilgangur ferðar - Bakgrunnsgreining

	Frí	Heimsækja vini/ættingja	Nám/menntun	Viðskipti/ráðstefna/fundur	Starf (tímabundið eða til langtíma)	Hvata-eða verðlaunaferð	Veit ekki/Vil ekki svara	Alls
Alls	40%	35%	4%	14%	6%	0%	1%	597
Kyn* Karl	37%	32%	3%	19%	7%	1%	1%	187
Kona	42%	39%	6%	10%	3%	0%	0%	283
Aldur ≤ 20	37%	59%	4%	0%	0%	0%	0%	27
21-30	22%	54%	6%	6%	8%	1%	2%	96
31-40	37%	32%	5%	19%	6%	0%	1%	108
41-50	47%	24%	5%	17%	5%	1%	1%	147
51-60	48%	27%	1%	18%	5%	0%	2%	127
61-70	46%	37%	5%	7%	4%	0%	1%	83
Menntun Grunnskólamenntun eða minna	43%	49%	0%	4%	4%	0%	0%	51
Nám á framhaldsskólastigi, iðnnám/starfsnám	40%	41%	5%	5%	8%	1%	1%	170
Grunnnám í háskóla	43%	32%	5%	14%	5%	0%	1%	187
Framhaldsnám í háskóla	35%	29%	4%	25%	6%	0%	1%	171
Tekjustig Undir meðallagi	38%	46%	2%	10%	5%	0%	0%	61
Í meðallagi	40%	35%	5%	12%	7%	1%	1%	256
Yfir meðallagi	40%	35%	6%	13%	6%	0%	1%	190
Hátt	44%	21%	0%	30%	0%	0%	5%	43
Búseta Á Íslandi	43%	29%	5%	16%	5%	0%	0%	428
Erlendis	32%	51%	1%	7%	6%	0%	2%	162

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk.

Mynd 10 sýnir með hverjum svarendur ferðuðust. Algengast var að þeir sem fóru til Íslands hafi verið einir á ferð (41%), með maka (24%) eða með vinum (17%). Meiri dreifing er á svörum þeirra sem fóru til útlanda þó svo að um helmingur svarenda hafi annað hvort ferðast einn eða með maka. Í könnunum RMF í tengslum við beint flug um Akureyrarflugvöll sumrin 2010-2012 var hlutfall svarenda sem voru einir á ferð á bilinu 9-18% og hlutfall þeirra sem voru með

maka var u.þ.b. 20%. Hlutfall þeirra sem var á ferð með vinum var á bilinu 23-28% og hlutfall þeirra sem ferðuðust með fjölskyldu var á bilinu 19-30% (Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens, 2012).




Mynd 10 Ferðafélagar svarenda

Meðaldvalarlengd í ferð á Íslandi var 11,5 nætur og í ferð erlendis var dvalartíminn að jafnaði 7,5 nætur (tafla 6). Ef horft er til þess hvort ferð var farin á sumarmánuðum eða vetrarmánuðum kemur í ljós nokkur munur á dvalarlengd í ferðum til útlanda og að ferðir að vetri hafi verið styttri en þær sem farnar voru að sumri. Aftur á móti er munur á dvalarlengd á Íslandi mjög lítil en þó er staðalfrávik hærra að sumri til. Greining á dvalarlengd með tilliti til megintilgangs ferðar gaf ekki afgerandi niðurstöður. Engu að síður mátti sjá vísbendingar um að þeir sem voru á ferð vegna starfs (tímabundið eða langtíma) höfðu að jafnaði lengri viðdvöl en aðrir hópar. Í landamæra- og viðhorfskönnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands er meðaldvalarlengd á Íslandi greind eftir mánuðum. Sumarið 2017 var meðaldvalarlengd á bilinu 8-9,3 nætur en á bilinu 4,9-5,8 yfir veturinn 2017-2018 (Ferðamálastofa, e.d.).

Tafla 6 Meðaldvalarlengd (nætur)

		Meðaltal	Staðalfrávik
Allt tímabil könnunar	Dvalarlengd erlendis	7,5	5,96
	Dvalarlengd á Íslandi	11,5	6,36
Sumar	Dvalarlengd erlendis	9,9	6,89
	Dvalarlengd á Íslandi	11,4	7,08
Vetur	Dvalarlengd erlendis	7,2	5,75
	Dvalarlengd á Íslandi	11,3	6,16

Mynd 11 sýnir til hvaða landa svarendur fóru. Aðeins þeir sem voru á ferð til útlanda fengu þessa spurningu og voru beðnir um að tilgreina öll þau lönd sem voru heimsótt. Þrjú svæði standa upp úr en þau eru Bretland/Írland (25%), Þýskaland (18%) og Danmörk (17%). Ef horft er til þess hvort ferð var farin á sumarmánuðum eða vetrarmánuðum breytist röðin nokkuð. Yfir sumartímamann var Danmörk (28%) og Þýskaland (23%) algengustu áfangastaðirnir en þar á eftir komu Spánn og Portúgal (16%). Meiri dreifing virðist vera yfir vetrarmánuðina en Bretland/Írland tróna þar á toppnum (26%).




Mynd 11 Hvaða land/lönd heimsóttir þú í ferð þinni til útlanda?

ERLENDIR FERÐAMENN (Á NORÐURLANDI)

Í þessum hluta er greint frá niðurstöðum spurninga sem snéru að erlendum ferðamönnum. Eins og fram kom í kaflanum um gögn og aðferðir var markmiðið með könnuninni að safna gögnum um erlenda ferðamenn í tengifluginu og þessum hluta spurningalistans var því ekki beint að Íslendingum með búsetu erlendis. Fram kom í töflu 2 að 173 svarendur könnunarinnar höfðu búsetu erlendis, þar af voru 40% Íslendingar. Af því er ljóst að hópurinn „erlendir ferðamenn“ er aðeins um 100 manns og takmarkar það tölfræðilega úrvinnslu.

Tveir af hverjum þremur erlendum ferðamönnum í könnuninni höfðu komið áður til Íslands. Enginn marktækur munur reyndist vera á svörum með tilliti til kyns, aldurs, menntunar og tekjustígs svarenda. Munur á svörum eftir tilgangi ferðar og skipuleggjanda ferðar reyndist heldur ekki marktækur. Mynd 12 sýnir að rúmlega 40% svarenda höfðu ekki komið áður á Norðurland. Af þeim sem höfðu komið áður höfðu 43% komið að sumri og 37% höfðu komið að vetri. Hafa ber í huga að svarendur gátu hakað við allar árstíðir og er samanlagður svarfjöldi hærri en fjöldi svarenda. Í gögnunum má sjá vísbendingar um að flestir þeirra sem voru í sinni fyrstu heimsókn á Norðurlandi hafi verið í sinni fyrstu Íslandsferð. Í könnunum RMF í tengslum við millilandaflug um Akureyrarflugvöll sumrin 2011-2012 var spurningin í tveimur aðskildum liðum þar sem annars vegar var óskað eftir upplýsingum um hvort viðkomandi hefði komið áður á Norðurland (svarmöguleikar voru þeir sömu og í spurningunni um Íslandsferð hér að ofan). Hins vegar var aðeins sá hópur sem hafði komið áður á Norðurlandi beðinn um að tilgreina á hvaða árstíma það hefði verið. Árið 2012 höfðu 33% svarenda komið áður á Norðurland, þar af langflestir, eða 93% að sumri (Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens, 2012).



Mynd 12 Hefur þú komið áður á Norðurland?

Svarendur voru beðnir um að tilgreina hvers vegna Norðurland varð fyrir valinu. Spurningin var opin og voru svörin flokkuð eftir inntaki. Fjöldi svara var 73 og þau skiptust milli fimm flokka. Tafla 7 er samantekt á flokkuðum svörum ásamt dæmum um orðalag svaranna en öll svörin má finna í viðauka 2. Þriðjungur svaranna hafði skírskotun til væntinga um upplifun tengdri náttúruþyrirbærum og landinu s.s. norðurljósum og landslagi. 18 svör höfðu skírskotun til vana og ættingja. 11 svör vísuðu til starfs eða náms og 8 svör vísuðu til tiltekinnar afþreyingu eða iðju (e. *activities*) s.s. ljósmyndunar, hvalaskoðunar eða viðburðar einkum tónlistarhátíðinnar Iceland Airwaves. Fjórtán svör voru tekin saman þar sem nefndar voru aðrar ástæður en þær sem koma fram hér að ofan. Í sumum tilfellum var um að ræða sambland margra þátta eins og að hafa komið (oft) áður, um náttúru og heimamenn og að á Norðurlandi væru færri ferðamenn en sunnar á landinu.

Tafla 7 Hvers vegna valdir þú að koma til Norðurlands?

Flokkur	Fjöldi	Dæmi um svör
Náttúra/land	20	- I have chosen to travel to North Iceland to explore the beauty of nature. - Landscape, northern lights - Re-visit at different season. Hoping to see northern lights. Which did not happen
Heimsækja vini og ættingja	18	- Birth of a grandchild - We have family in Husavik - To visit family and friends
Viðskipti/starf/nám	11	- Work - For a job interview - University course
Afþreying/iðja	10	- Photographic opportunities - Whale watching - Airwaves
Aðrar ástæður	14	- Different part of the country compared to previous visits - One guide book said Reykjavik would be crowded with tourists. Just get on a plane for Akureyri and North Iceland. We are glad we did! - Best place to stay in Iceland; beautiful views, great nature, less tourists than in the South, friendly locals, good and fresh food, great coffee shops

Tafla 8 sýnir að dvalarlengd á Norðurlandi² var að jafnaði 8 nætur en munurinn á dvalarlengd er mjög svipaður ef horft er til þess hvort ferð var farin á sumarmánuðum eða vetrarmánuðum. Svokallaður ferðavísir (e. *trip index*) hefur verið reiknaður fyrir hópinn. Ferðavísir er hlutfall gistinátta á áfangastað af gistinóttum í heild (Page, 2009, með vísan í Pearce og Elliot; sjá einnig Koo, Wu og Dwyer, 2012). Ferðavísirinn fyrir allt tímabil könnunarinnar er 70% og 76% yfir sumarmánuðina. Ferðavísirinn gefur vísbendingu um að Norðurland sé að mestu áfangastaður þátttakenda könnunarinnar þar sem stærstur hluti Íslandsdvalar er á Norðurlandi. Í könnun RMF í tengslum við millilandaflug um Akureyrarflugvöll 2012 kom í ljós að meðaldvalarlengd á Norðurlandi var 7,45 nætur og ferðavísirinn var 81,2% (Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens, 2012).


Tafla 8 Meðaldvalarlengd á Norðurlandi (nætur)

	Meðaltal	St.dev.	Ferðavísir
Allt tímabil könnunar	8,0	7,63	70%
Sumar	8,6	7,88	76%
Vetur	7,9	7,62	70%

Þátttakendur voru beðnir um að svara hvaða landshluta aðra en Norðurland þeir hefðu heimsótt í Íslandsferðinni. Þeir voru beðnir um að merkja við landshluta og var stuðst við

² Í útreikningum á dvalarlengd á Norðurlandi voru sex öfgahá gildi felld út. Um var að ræða einstaklinga sem komu til Íslands vegna vinnu til skemmri eða lengri tíma. Þessi gildi voru á bilinu 80-300 nætur.

Íslandskort sem sýndi landhlutaskiptinguna. Mynd 13 sýnir hlutfall svara við þessari spurningu en þar má sjá að hlutfall þeirra sem fóru á höfuðborgarsvæðið er 60% og að hlutfall þeirra sem voru bara á Norðurlandi er 29%.




Mynd 13 Hvaða landshluta (aðra en Norðurland) heimsóttir þú?

Mynd 14 sýnir hvaða gistinguástand³ svarendur nýttu sér á Norðurlandi. Spurt var um nokkrar mismunandi tegundir gistingar sem greitt var fyrir. Í einum svarmöguleika var tekin saman gisting sem ekki var greitt fyrir þ.á.m. hjá vinum og ættingjum, íbúðaskipti (e. *home exchange*) og sófasvif (e. *couch surfing*). Svarendur gátu valið fleiri en einn gistinguástand svo samanlagður fjöldi svara er meiri en fjöldi svarenda. Algengast var að svarendur gistu á hóteli (27%), í ógreiddri gistingu (27%) eða í greiddri gistingu í húsnæði í einkaeigu (20%). Ef horft er til árstíma kemur í ljós þriðjungur þeirra sem ferðaðist yfir sumartímamann var í gistingu sem ekki var greitt fyrir og töluvert færri voru á hóteli (17%). Á vetrarmánuðum virðist þetta hafa snúist við og hlutfall svarenda í gistingu sem greitt var fyrir s.s. hóteli, gistiheimili og húsnæði í einkaeigu hærra en það er yfir sumarmánuðina. Greining á gistinguástand með tilliti til megintilgangs ferðar gaf ekki afgerandi niðurstöður þar sem í mörgum tilfellum verða fá gildi á bak við hvert hlutfall. Þrátt fyrir það mátti sjá vísbendingar um að þeir sem voru í fríi voru langoftast í greiddri gistingu en þeir sem voru í heimsókn hjá vinum og ættingjum voru langoftast í ógreiddri gistingu. Í könnunum RMF í tengslum við beint flug um Akureyrarflugvöll sumrin 2010-2012 var hlutfall svarenda í hótulgistingu frá 29% árið 2010 upp í 43% árið 2012.


³ Í landamæra- og viðhorfskönnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands er spurt um gistinguástand en þar eru til viðbótar nokkrir svarmöguleikar sem við gerð spurningalista í tengiflugskönnuninni voru felldir út eða sameinaðir. Var það gert í samráði við Markaðsstofu Norðurlands ýmist til einföldunar eða að valkostir áttu ekki við á Norðurlandi.

Hvað ógreidda gistingu varðar var í þessum könnunum aðeins spurt um gistingu hjá vinum og ættingjum. Hlutfall svarenda var þá 28% árið 2010 en fór minnkandi og var orðið 19% árið 2012 (Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens, 2012).




Mynd 14 Hvaða gistimáta nýttir þú þér á Norðurlandi?

Þegar spurt var hvernig fólk fór á milli staða á Norðurlandi var hægt að velja fleiri en einn ferðamáta svo samanlagður fjöldi svara er meiri en fjöldi svarenda. Langflestir sögðust hafa ferðast á bílaleigubíl (49%) eða á bíl í einkaeigu (36%). Aðrir valkostir voru nýttir minna eða alls ekki. Greining á ferðamáta með tilliti til annarra svara gaf ekki afgerandi niðurstöður.




Mynd 15 Hvaða ferðamáta nýttir þú þér á Norðurlandi?

Svarendur voru beðnir um að tilgreina þá staði sem þeir sóttu heim í ferð sinni út frá korti af Norðurlandi sem haft var til hliðsjónar. Alls 35 þekktir áfangastaðir ferðamanna og þéttbýlisstaðir á Norðurlandi voru taldir upp en auk þess var gefinn möguleiki á að bæta við öðrum. Á mynd 16 má sjá hvaða tíu staði svarendur merktu oftast við. Þar sem hægt var að velja fleiri en einn svarmöguleika er samanlagður fjöldi svara meiri en fjöldi svarenda. Akureyri, Mývatn og Goðafoss verma efstu sætin en þar á eftir koma Dettifoss og Húsavík.



Mynd 16 Hvaða svæði/staði á Norðurlandi heimsóttir þú í ferðinni? Tíu algengustu svörin

Svarendur voru beðnir um að segja til um hvað þeir gerðu og/eða upplifðu á Norðurlandi (sjá mynd 17). Þessa spurningu var einnig að finna í könnunum RMF sumrin 2009-2012 en þá voru taldir upp 16 afþreyingarmöguleikar sem svarendur voru beðnir um að merkja við. Í samráði við Markaðsstofu Norðurlands var nauðsynlegt að breyta valmöguleikunum umtalsvert annars vegar vegna þess að framboð á afþreyingu fyrir ferðamenn hefur tekið miklum breytingum frá því síðasta könnun var gerð meðal flugfarþega á Akureyri sumarið 2012. Hins vegar þurftu svarmöguleikarnir einnig að endurspeglar afþreyingarmöguleika yfir vetrarmánuðina sem varð til þess að svarmöguleikar á borð við norðurljósaferðir, þryluskíði, vélsleðaferðir og skíði bættust við. Valmöguleikarnir urðu alls 36 en í ljósi þessara miklu breytinga var ekki hægt að bera niðurstöðurnar saman við fyrri kannanir. Í niðurstöðunum skáru fáir svarmöguleikar sig úr en á mynd 17 hafa tíu algengustu svörin verið tekin saman. Hlutfallslega fóru flestir í náttúruböð (48%), í göngu án leiðsagnar (38%) eða hittu heimamenn (38%). Frekari greining á afþreyingu með tilliti til bakgrunnspátta s.s. hvort ferð var farin á sumarmánuðum eða vetrarmánuðum gaf ekki afgerandi niðurstöður.



Mynd 17 Hvaða afþreyingu nýttir þú þér á Norðurlandi? Tíu algengustu svörin

Mælingar á útgjöldum ferðamanna

Spurningarnar um útgjöld (e. *visitor expenditure*) voru byggðar á spurningum úr landamæra- og viðhorfskönnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands. Markmiðið var að kanna útgjöld svarenda og neyslu þeirra (e. *tourism consumption*) en þetta var einnig gert í fyrri könnunum RMF meðal farþega í millilandaflugi á árunum 2009-2012. Spurt var um útgjöld í tíu liðum til þess að leggja mat á meðalútgjöld á sólarhring. Þessa spurningu fengu aðeins þeir sem voru skilgreindir sem erlendir ferðamenn (erlendir einstaklingar með búsetu erlendis). Þegar upp var staðið reyndist fjöldi svara við þessum liðum of lítil til þess að hægt væri að meta útgjöld með áreiðanlegum hætti.

Útgjaldaliðirnir tíu sem spurt var um voru:

- Samgöngur (millilanda)
- Gistingu
- Veitingahús/kaffihús
- Matvöruverslun
- Afþreyingu
- Menningu
- Verslun (t.d. fatnaður og aðrar vörur)
- Minjagripir
- Samgöngur innanlands (s.s. rútu-/ferju-/flugfargjöld, bílaleigubílar og eldsneyti)
- Annað ótilgreint

Óskað var eftir upplýsingum um áætluð heildarútgjöld í hverjum flokki auk upplýsinga um fyrir hve marga var greitt. Út frá þessum gögnum átti að fá gleggri mynd af meðalútgjöldum einstaklings á sólarhring í Íslandsferð. Reiknuð heildarupphæð allra útgjaldaliða var 17,8

milljónir króna⁴ ef tekin eru saman öll gild svör þar sem upphæðir voru gefnar upp að fráteknum sk. útlögum (tölugildi sem eru óvenjuleg fyrir gagnasafnið). Reiknuð heildarupphæð þriggja stærstu útgjaldaliða voru 5,9 milljónir fyrir millilandaflug, 3,7 milljónir fyrir gistingu, 2,6 milljónir fyrir samgöngur innanlands. Gögnin gefa til kynna að útgjöld vegna gistingar hafi verið á bilinu 4-5.000 krónur á sólarhring og vegna afþreyingar rétt tæpar 2.000 krónur. Í ferðavenjukönnun sem gerð var meðal erlendra ferðamanna á Akureyri sumarið 2017 voru meðalútgjöld á sólarhring rúmlega 2.400 krónur fyrir afþreyingu og rúmlega 4.300 krónur fyrir gistingu (Lilja B. Rögnvaldsdóttir, 2018). Hér er því um nokkuð sambærilegar niðurstöður að ræða en það skal hins vegar ítrekað að hér er eingöngu um vísbendingar að ræða og þær ætti ekki að yfirfæra á allan hópinn.


Upplýsingaveitur um Norðurland

Í þessum hluta er farið í niðurstöður spurninga um upplýsingaveitur (e. *information sources*) sem notaðar voru í tengslum við upplýsingaleit- og notkun vegna ferðarinnar á Norðurland. Um var að ræða nýjar spurningar sem byggðu lauslega á samskonar spurningum um upplýsingaöflun og -notkun sem finna má í landamæra- og viðhorfskönnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands. Spurningarnar voru aðlagðar í samráði við Markaðsstofu Norðurlands. Spurningar um upplýsinganotkun voru einnig í fyrri könnunum RMF í tengslum við millilandaflug á Akureyrarflugvelli. Þær spurningar snéru m.a. að tilteknum vefsíðum sem höfðu þann tilgang til að kynna Ísland og landshlutana. Spurningarnar stóðust ekki tímans tönn og þörfnuðust endurnýjunar. Þrjár nýjar spurningar urðu til. Í fyrstu spurningu var spurt hvaðan upplýsingar komu sem vöktu athygli á Norðurlandi. Á þessu stigi er gengið út frá því að ferð á Norðurland sé enn á hugmyndastigi en ekki búið að ganga frá bókunum. Önnur spurning snérist um það hvaða miðlar eða leiðir voru nýttar við skipulagningu eða bókanir á Norðurlandi fyrir ferð. Í þriðju spurningunni var kannað hvar var leitað að upplýsingum um hvað væri í boði á Norðurlandi, til að bóka þjónustu eða til skipulagningar í sjálfri ferðinni. Í öllum spurningum mátti merkja við fleiri en einn valmöguleika og er samanlagður fjöldi svara meiri en fjöldi svarenda.

Mynd 18 sýnir hvar svarendur fundu upplýsingar sem vöktu athygli þeirra á Norðurlandi. Algengast var að upplýsingar kæmu frá vinum og ættingjum (47%) eða af ýmiss konar vefsíðum


⁴ Gjaldeyrisútreikningar miðuðust við miðgengi Seðlabanka Íslands 2. október 2017 (á miðju tímabili könnunarinnar).

(36% af ferðavefjum og 38% af öðrum vefsíðum). Aðrar upplýsingaveitur á borð við samfélagsmiðla og prentað efni virðast hafa minna vægi á þessu stigi, þ.e. þegar ferð á Norðurland er enn á hugmyndastigi.



Mynd 18 Upplýsingaveitur sem vöktu athygli svarenda á Norðurlandi

Á mynd 19 eru teknar saman tíu algengustu svörin um hvaða upplýsingaveitur voru notaðar til skipulagningar ferðar eða bókana á Norðurlandi áður en ferðin var farin. Langflestir (67%) notuðu heimasíður flugfélaga en ýmsar aðrar síður á netinu voru einnig notaðar s.s. almennar leitarvélar (26%), opinberar ferðavefsíður (32%), erlendar bókunarsíður á borð við hotels.com og TripAdvisor (33%) og heimasíður einstakra ferðapjónustufyrirtækja (25%). Upplýsingar frá fjölskyldu, vinum eða vinnufélögum virðast einnig hafa skipt máli þegar verið var að skipuleggja eða bóka ferðina á Norðurland.



Mynd 19 Upplýsingaveitur sem voru notaðar til að skipuleggja (og bóka) ferð á Norðurland áður en ferð var farin


Á mynd 20 má sjá hvaða tíu upplýsingaveitur voru helst notaðar í ferðinni til að finna upplýsingar um hvað væri í boði á Norðurlandi, til að bóka eða til skipulagningar. Spurt var um 22 mismunandi upplýsingaveitur. Sjá má að upplýsingar frá vinum og ættingjum (42%) skipta áfram miklu máli. Almennar leitarvélar (38%) virðast vera talsvert notaðar í ferðinni en einnig opinberar ferðavefsíður (31%), ferðabæklingar eða bækur um Ísland (21%) og upplýsingar á upplýsingamiðstöðvum (18%). Aðrar upplýsingaveitur virðast hafa verið minna notaðar.



Mynd 20 Upplýsingaveitur sem voru notaðar til að finna upplýsingar um framboð á Norðurlandi, til að bóka þjónustu eða til skipulagningar í ferðinni. Tíu algengustu svörin

Upplifun af Norðurlandi

Svarendur voru beðnir um að meta heildarupplifun sína af Norðurlandi. Á mynd 21 má sjá mat á heildarupplifun á fimm punkta kvarða ásamt samanburði við kannanir RMF í tengslum við millilandaflug á Akureyrarflugvelli 2010-2012. Niðurstöðurnar sýna að erlendingar voru, sem fyrr, ánægðir með upplifun sína á Norðurlandi en 97% svarenda telja heildarupplifun vera frábæra eða yfir meðallagi.



Mynd 21 Hvernig metur þú heildarupplifun þína af Norðurlandi

Þegar svarendur voru beðnir um að lýsa upplifun sinni af Norðurlandi með einu orði notuðu þeir orð eins og „undravert“, „dásamlegt“ og „gott“. Eins og sjá má í orðaskýinu hér fyrir neðan komu einnig fyrir orð eins og „fallegt“, „töfrandi“, „náttúra“ og „einstakt“ (mynd 22).



Mynd 22 Upplifun af Norðurlandi lýst í einu orði

Svarendur voru beðnir um að gera grein fyrir minnisstæðustu upplifunum frá Norðurlandi úr ferðum sínum. Spurningin var opin og hafði hver og einn tækifæri til að nefna allt að þrjú svör. Svörin voru alls 197 (sjá viðauka 2). Svörunum var skipt í fimm flokka eftir inntaki sem einnig var flokkað til nánari skýringar (undirflokka). Í töflu 9 má sjá samantekt á flokkuðum svörum ásamt dæmum um orðalag svara. Flest svaranna höfðu skírskotun til náttúrunnar og landsins; til landslags, norðurljósa eða veðurs. Í flokknum Annað voru önnur svör tengd náttúru en þau sem vísað er til hér að ofan. Dæmi um það er jarðhiti/jarðhitavatn, hreint loft eða einfaldlega náttúran. Næststærsti flokkurinn var afþreying. Í þessum svörum voru fjórar megináherslur; ýmiss konar böð, hvalaskoðun, gönguferðir og athafnir sem aðeins tilheyra tilteknum árstímum (árstíðabundin iðja). Þriðji flokkurinn samanstóð af tilteknum stöðum á Norðurlandi sem voru sérstaklega nefndir sem minnisstæðustu upplifanirnar. Þrír staðir voru nefndir oftast en aðrir en það voru Mývatn, Goðafoss og Akureyri. Aðrir staðir voru nefndir sjaldnar. Fjórdi flokkurinn hafði skírskotun til fólks en þar var annað hvort um heimamenn að ræða eða vini og fjölskyldu. Í flokknum Annað voru svör þar sem fram komu önnur atriði en þau sem koma fram hér að ofan. Töluverð breidd einkennir þennan flokk svara eins og sverdæmin sýna.

Tafla 9 Hvað var það minnisstæðasta frá heimsókn þinni á Norðurland?

Flokkur	Undirflokkur	Fjöldi	Dæmi um svör
Náttúra/land	Landslag	18	"Beautiful and many different kinds of landscape"
	Norðurljós	11	"Walking out of the city and watching northern lights"
	Veður	13	"Clear sky", "Great weather experiences"
	Náttúra (óflokkað)	15	"Nature", "Thermal waters"
Afþreying/iðja	Böð	19	"Nature baths", "Swimming in thermal pools in winter", "Beer bath"
	Árstíðabundin iðja	10	"Sheep herding", "Skiing", "Berry picking"
	Hvalaskoðun	9	"Seeing and hearing the whales at Húsavík"
	Ganga	8	"Winter hiking in Dimmuborgir", "Walk along the fjord", "Hiking in the wilderness"
	Afþreying (óflokkað)	7	"Christmas evening", "Great musical performances", "Husky ride"
Staðir	Mývatn	9	"Myvatn"
	Goðafoss	6	"Goðafoss"
	Akureyri	4	"Akureyri"
	Aðrir staðir	10	"Siglufjörður", "Askja", "Aldeyjarfoss", "Þelamörk", "Dettifoss", "Dalvík", "Ásbyrgi", "Langanes"
Fólk	Heimamenn	13	"Local I met at airport giving me a ride to downtown", "Enjoying the company of guides and hosts at the lodge"
	Vinir og fjölskylda	5	"Family party", "Meeting with friends"
Annað		40	"Cold", "Impossibly beautiful", "Different", "Modern university", "Driving through mountains", "Good food", "Amount of fireworks on New Years eve", "The space", "Not overcrowded with tourists", "Relaxing"

Spurt var í opinni spurningu hvaða þjónustubætti mætti bæta í ferðaþjónustu á Norðurlandi og höfðu svarendur frelsi til að skrifa það sem þeim datt í hug, allt að þrjú svör. Í heildina voru svörin 95 og má sjá þau öll í viðauka 2. Svörunum var skipt í fimm flokka eftir inntaki sem einnig var flokkað til nánari skýringar (undirflokka). Í töflu 10 má sjá samantekt á flokkuðum svörum ásamt dæmum um orðalag svara. Flest einstök svör vísuðu til afþreyingu og þjónustu þar sem flestar ábendingar snérist um verðlag á vörum og þjónustu, tillögur að breyttum/lengri

opnunartíma fyrirtækja í þjónustu við ferðamenn og tillögum til fyrirtækja um (nýja) ferðavöru/afþreyingu fyrir ferðamenn s.s. að skipulagðar ferðir beinist ekki allar að sömu (endurteknu) stöðunum. Nokkur svör um afþreyingu og þjónustu voru ekki flokkuð sérstaklega en í þeim var oftast vísað til tiltekinnar atvika sem valdið höfðu vonbrigðum. Næststærsti flokkur svara snérist um samgöngur, einkum aukna fluglíðni til og frá Akureyri ýmist við Keflavík eða útlönd. Strætósamgöngur voru nefndar einkum aukin tíðni ferða og að þörf væri á tengingu strætó milli miðbæjar Akureyrar og flugvallar. Nokkur svör voru ekki flokkuð en í þeim tilfellum var ekki alveg ljóst til hvers væri vísað með tilliti til samgangna. Þriðji flokkurinn snéri að upplýsingagjöf til ferðamanna þar sem svarendur voru með tillögur um hverju þurfi að miðla betur til ferðamanna og með hvaða hætti s.s. með skiltum og merkingum. Undir flokkinn Aðstöðu og aðgengi féllu tillögur svarenda að bættri aðstöðu fyrir ferðamenn, einkum salernisaðstöðu. Átta svör voru tekin saman þar sem nefndar voru aðrar ástæður en þær sem koma fram í flokkunum hér að ofan. Má þar nefna að tekið sé tillit til fatlaðra ferðamanna og að náttúrunni skuli haldið ósnortinni.


Tafla 10 Hvaða þætti þarf að bæta í ferðaþjónustu á Norðurlandi?

Flokkur	Undirflokkur	Fjöldi	Dæmi um svör
Aþreying og þjónusta	Verðlag	14	"Warnings on how expensive the food is, this was a huge shock", "Cheaper flights (or advanced deals) to the North"
	Opnunartímar	7	"It would be nice to have a coffee shop open early in the morning", "Later evening food/grocery"
	Bætt afþreying	5	"Mountain bike rental places", "More organised tours without repeated scenic places"
	Þjónusta (óflokkað)	9	"Car hire handover was rushed", "The quality of the food served in restaurants"
Samgöngur	Flugtengingar KEF-AEY	10	"More flights Akureyri - Keflavik and vice versa", "Connectivity between KEF and AEY"
	Strætó	8	"Public transport", "Buses from AEY airport to the city center"
	Beint millilandaflug	5	"Direct international flights to Akureyri", "Improved connection to the UK"
	Samgöngur (óflokkað)	3	"Connections between Reykjavik and Akureyri"
Aðstaða og aðgengi	Almenningssalerni	3	"More public toilets", "Tourist facilities - toilets should be free of charge"
	Gönguleiðir og vegir	3	"More parkingspots on main roads", "Improve hiking paths"
	Aðstaða og aðgengi (óflokkað)	4	"Sheltered resting spots for tourists", "Access"
Upplýsingagjöf	Miðlun	8	"More publicity about the free bus", "More advertising of North Iceland trip ad a separated issue from Iceland trip"
	Skilti og merkingar	5	"Guidance on fuel stations", "Signage for local cafes and restaurants", "More English signage (in public places like airport)"
	Upplýsingar (óflokkað)	3	" More details on road maps", "More language"
Annað		8	"Keep the unspoiled nature untouched", "More awareness of disabled travellers", "Infrastructure"

ÞJÓNUSTA AIR ICELAND CONNECT

Sjö spurningar vörðuðu upplifun svarenda í tengiflugi á þjónustubáttum hjá Air Iceland Connect. Spurt var um þjónustu á flugvöllum tveimur og um borð, hvernig innritun á flugvöllum hefði gengið, sýnileika merkinga flugfélagsins á Keflavíkurlflugvelli og hversu líklegt væri að viðkomandi ferðist aftur með flugfélaginu í tengiflugi. Í öllum spurningunum var óskað eftir svörum á kvarðanum 1-10 þar sem 1 hafði mjög neikvæða þýðingu og 10 hafði mjög jákvæða þýðingu.

Á mynd 23 má sjá að mest ánægja var með það hvernig innritun í flugið frá Akureyri gekk (meðaltal=8,68), með þjónustuna um borð (meðaltal=8,59) og með þjónustu flugfélagsins í flugstöðinni á Akureyrarflugvelli (meðaltal=8,10). Minnst ánægja var með sýnleika merkinga flugfélagsins á Keflavíkurlflugvelli (meðaltal=5,47). Langflestir töldu hins vegar líklegt að þeir myndu ferðast aftur í tengiflugi með Air Iceland Connect (meðaltal=8,52).



Mynd 23 Mat farþega á þjónustu Air Iceland Connect á skalanum 1-10 (meðaltal)

Í viðauka 3 má sjá bakgrunnsgreiningar fyrir hverja og eina af þessum spurningum. Munur á svörum eftir bakgrunnsbreytum er mjög lítill. Aðeins tvisvar fannst marktækur munur á svörum milli hópa. Annars vegar í spurningunni um ánægju með þjónustu á Akureyrarflugvelli en þá var munur milli hópa með tilliti til menntunar (sjá töflu 16 í viðauka 3). Þeir sem höfðu lokið grunnskólaprófi voru líklegri til að hafa verið óánægðir með þjónustu flugfélagsins á Akureyrarflugvelli en aðrir hópar. Hins vegar reyndist munur milli kynjanna vera marktækur í spurningunni um sýnileika merkinga flugfélagsins á Keflavíkurlflugvelli (sjá töflu 21 í viðauka 3).

ATHUGASEMDIR SVARENDA

Í lok könnunarinnar var svarendum boðið að skrifa frjálsar athugasemdir. Alls bárust athugasemdir frá 272 svarendum sem voru bæði á jákvæðum og neikvæðum nótum. Athugasemdirnar eru í viðauka 2 en þar hafa upplýsingar sem rekja mætti til einstakra svarenda verið fjarlægðar. Í athugasemdunum var mikið af mismunandi atriðum sem voru flokkuð kerfisbundið eftir efni og inntaki, alls 373 atriði. Flokkarnir voru fimm:

- Tengiflug (128 athugasemdir)
- Upplifun á Keflavíkurflugvelli (125 athugasemdir)
- Innritun og farangur (60 athugasemdir)
- Ófyrirsjáanlegt (35 athugasemdir)
- Aðrar athugasemdir (25 athugasemdir)

Hver flokkur innihélt nokkur meginstef eða undirflokka. Í töflum 11 til 14 má sjá samantekt á flokkuðum atriðum og fjölda þeirra og ásamt dæmum um orðalag.

Tengiflug

Talin voru 128 atriði í athugasemdum svarenda sem vörðuðu um tengiflugið sjálft og var það stærsti flokkur athugasemda (tafla 11). Fimm megin þemu voru greind:

Ánægja með flug

Stærsta einstaka þemað í athugasemdum svarenda um tengiflug var tengt ánægju svarenda, alls 56%. Í athugasemdunum mátti greina að tengiflugið væri þægilegur valkostur sem bætti búsetuskilyrði á Norðurlandi. Tengiflugið var talið spara bæði tíma og peninga og gerði leiðina greiðari út í heim og heim aftur. Nokkrir svarendur voru fegnir því að geta valið með tengifluginu öruggari leið milli landa án þess að þurfa að leggja í langt ferðalag þvert yfir landið, stundum í misjafni færð. Nokkrir svarendur sáu flugið skapa ný tækifæri fyrir sig bæði í viðskiptalegu og persónulegu tilliti. Þrátt fyrir ýmsa hnökra í tengslum við tengiflugið, þá einkum á Keflavíkurflugvelli (sjá nánar flokkinn Upplifun á Keflavíkurflugvelli) vildu svarendur alls ekki missa tengiflugið og ýmist hvöttu flugfélagið til dáða eða þökkuðu því fyrir tengiflugið. Eftir að tilkynnt var um að flugi yrði ekki haldið áfram mátti greina að nokkur vonbrigði vegna þessa í athugasemdum svarenda.

Tíðni og tímasetning ferða í tengiflugi

Nokkrir svarendur nefndu að tíðni fluga á dag eða á viku hefði verið of lítil. Útskýrt var að flugáætlun hefði ekki alltaf passað við ferðaáform einstaklinga. Dæmi voru um einstaklinga sem höfðu aðeins getað notað tengiflug aðra leiðina þar sem flugið var ekki alltaf í boði þegar

hentaði. Einnig voru dæmi um einstaklinga sem kusu að fljúga aðeins annan legginn, þ.e. frá Keflavík til Akureyrar, þar sem þeim þótti of flókið að fara hinn legginn.

Verðlagning

Í sjö tilvikum var verðlagning á fargjöldum nefnd; þau væru of há eða flugið væri of dýrt eins og t.d. þegar fjölskylda ferðast saman.

Bæta kynningu á tengiflugi

Í sex tilvikum var bent á að tengiflugið þyrfti að auglýsa betur og gera það sýnilegra í leitarvélum. Einnig voru dæmi um athugasemdir frá farþegum sem hefðu viljað vera betur upplýstir fyrirfram um að þeir mættu ekki yfirgefa Leifsstöð eftir komuna þangað frá Akureyri.

Flugvélarnar

Fimm atriði vörðuðu á ýmsan hátt flugvélarnar sem notaðar voru í tengifluginu s.s. að það hefði verið kalt í fluginu eða flugvél hefði bilað. Ein ábending frá farþega var um að bæta aðgengi hreyfihamlaðra upp í flugvél.

Tafla 11 Athugasemdir svarenda: Tengiflug

Flokkur	Undirflokkur	Fjöldi	Dæmi um svör
Tengiflug	Ánægja með flug	76	<i>Upplifun mín af því að þurfa ekki að taka krókinn til Reykjavíkur var ólýsanlega dásamleg og ég myndi alltaf kjósa tengiflug AEY - KEF fram yfir Reykjavíkur-krókinn. Takk fyrir tengiflugið. Mig langar líka að benda á hversu þægilegt þetta fyrirkomulag er - að geta flogið að heiman og heim aftur með þessu tengiflugi og vona ég svo sannarlega að þessi þjónusta sé komin til að vera :) Frábær tenging og styttr tímarnir að heiman um 2 sólarhringa en ekki frið.</i>
	Tíðni og tímasetning ferða í tengiflugi	34	<i>Increasing the service to daily would also be utilised more frequently by myself and other residents of Akureyri. Eina ástæðan fyrir því að ég flaug ekki Keflavík-Akureyri er að það flug var ekki í boði daginn sem eg lenti á Íslandi.</i>
	Verðlagning	7	<i>Flugið má vera ódýrara, dýr ferðakostur fyrir fjölskyldur</i>
	Bæta kynningu á tengiflugi	6	<i>Mætti auglýsa þennan ferðamáta betur. One small quibble: The fact that it isn't possible to leave the terminal at Keflavik between flights could be better advertised and explained, I think I wouldn't have booked a room in the airport hotel for my -overnight - connection if I'd known!</i>
	Flugvélarnar	5	<i>Það væri til bóta ef auka tröppu/þrepi yrði komið fyrir fyrir neðan landganginn svo auðveldara sé að ganga um borð og frá borði. Ég flaug nýverið með Bombardiervélum frá Air Baltic og þar var þrep sem var til mikilla þæginda fyrir mig þar sem ég er hreyfihömluð.</i>

Upplifun á Keflavíkurflugvelli

Mikill hluti athugasemda eða 125 atriði tengdust upplifun svarenda á því að fara í gegnum Keflavíkurflugvöll vegna tengiflugsins og má sjá þau í töflu 12. Fjögur meginþemu voru greind í athugasemdunum:

Merkingar/leiðbeiningar

Mörgum þótti erfitt að finna út úr því hvert þeir ættu að fara á Keflavíkurflugvelli, einkum við komuna úr millilandaflugi. Mörg dæmi voru af fólki sem misskildi leiðbeiningar um að við komuna til Keflavíkur ætti það að fara niður í töskusal, þar sem innritun í tengiflugið fór fram, en ekki gegnum tollahlíð. Ef fólk hafði verið þegar innritað í tengiflugið til Akureyrar var óljóst

hvort það ætti/þyrfti að sækja farangurinn sinn. Þessi krókur reyndist þá vera erindisleysa því þarna lenti fólk í óþarfa töfum/bið við töskufæriböndin (þar sem innritun í tengiflugið fór fram) og að lokum fara aftur í gegnum öryggisleit. Mörgum svarendum var þetta bæði gremjuleg og óþörf upplifun þar sem þeir hefðu gjarnan viljað vita betur hvað þeir ættu að gera. Dæmi voru um að upplýsingar frá flugfélagi, starfsfólki á flugvelli eða á skiltum og merkingum á flugvellingnum hefðu ekki alltaf verið réttar og leiddu til misskilnings. Nokkur dæmi voru af fólki sem fannst óljóst hvort og hvar það mætti versla í fríhöfn og fékk um það mismunandi upplýsingar frá starfsfólki á flugvellingnum.

Afgreiðsla/bið

Bið eftir því að innritun í tengiflug hæfist á Keflavíkurflugvelli reyndist mörgum bæði löng og erfið. Nokkrir svarendur fundu fyrir fátí og óvissu í innritun sem þótti stundum ganga hægt þegar afgreiðsla innritunar loksins hófst. Þá tók við meiri biðtími eftir öryggisleit og loks meiri bið eftir að vera hleypt út í flugvélina. Nokkrir svarendur sögðu frá því að brottför til Akureyrar hefði seinkað vegna farþega sem ekki hefðu getað skilað sér á réttum tíma í flugið. Höfðu þeir heyrt sögur af erfiðleikum við innritun farangurs.

Aðstaða fyrir farþega

Sterk tengsl eru milli Merkinga/leiðbeininga og Afgreiðslu/biðar við aðstöðu farþega á Keflavíkurflugvelli. Skortur á aðstöðu fyrir farþega, einkum í komusal þar sem innritun í tengiflugið fór fram, var oft nefndur. Löng bið milli fluga gat verið erfið þar sem sæti voru óþægileg eða vantaði alveg og fólk gat hvergi keypt sér mat eða drykk. Ef farið var fyrir mistök niður í komusalinn tók aðstöðuleysið við sem var aðeins til að auka gremju þeirra sem í því lentu. Einnig var talað um skort á aðstöðu þegar beðið var við brottfararhliðið þar sem hefði verið erfitt að standa á ganginum í langan tíma þar sem engin voru sætin.

Annað

Sex atriði sem tengdust upplifun á Keflavíkurflugvelli var ekki hægt að flokka frekar og vörðuðu einstök efni sem tengdust ekki innbyrðis. Þar á meðal var sett spurningarmerki við auka öryggisleit við komuna til Keflavíkur úr millilandaflugi, að það ætti að leyfa fólki að fara út úr flugstöðinni eftir komuna frá Akureyri.

Tafla 12 Athugasemdir svarenda: Upplifun á Keflavíkurlflugvelli

Flokkur	Undirflokkur	Fjöldi	Dæmi um svör
Flokkur Upplifun á Keflavíkurl- flugvelli	Merkingar/leiðbeiningar	52	<p>Vantar allar merkingar og upplýsingar um hvert eigi að fara til að innrita sig og hvar sé aðstaða til að biða.</p> <p><i>I think that the direction for KEF "go to baggage claim but not through customs" is difficult. I arrived at the gate by just following the signage to the gate. The important advice is to make sure that luggage is checked to the final destination so it does not have to be picked up in the first place.</i></p> <p>Ég fékk sms tilkynningu um að innritun í Keflavík til Akureyrar væri í töskusal en ekki mætti fara í gegnum tollhliðið. Þetta var mjög ruglingslegt og varð þess valdandi að ég fór niður í töskusal og þurfti þá að fara aftur í gegnum öryggishlið og missti þar með þann vökva sem ég hafði keypt á flugstöðinni. Þarna er nauðsynlegt að taka fram að þessi póstur eigi einungis við farþega sem ekki geta innritað sig alla leið til Akureyrar því ég var þess var að nokkrir farþegar misskildu þetta á sama hátt.</p>
	Afgreiðsla/bið	46	<p>Á Leifstöð virtist fólk eiga í vandræðum með að koma sér á réttum tíma á réttan stað sem olli 30 mín. seinkun á fluginu. Einhverjar sögur gengu um að erfitt hefði verið að innrita farangur.</p> <p><i>Við þurftum að biða í 2 klukkustundir í komusalnum niðri [...]. Enginn vissi hvenær innritun hæfist og þegar kom starfsmaður, sem var indælisstúlka, þá vissi hún heldur ekki hvað þetta tæki langan tíma eða hvernig þetta myndi ganga fyrir sig. Við vorum orðin svöng, höfðum hugsað okkur að borða á meðan við biðum en það var ekki hægt niðri. Öryggisleitin tók óratíma löksins þegar búíð var að innrita okkur og svo vorum við kölluð út í vél 45 mínútum fyrir brottför. Okkur var þó ekki hleypt út í vél heldur vorum við látin standa á ganginum í 30 mínútur og biða eftir að komast um borð.</i></p> <p><i>We had to wait over an hour in the shuttle bus in Keflavik, doors open and freezing cold with no explanation why.</i></p>
	Aðstaða fyrir farþega	21	<p>Mjög slæm aðstaða fyrir farþega AIC til að biða í KEF, þurftum að biða nokkrar klst. standandi eða sitjandi á farangursfærubandi þegar það var ekki í notkun.</p> <p><i>As directed, we collected our luggages and was told at the check-in counter only open at about 2.30pm for our connecting flight. There was NO café or restaurants at the waiting area.</i></p> <p><i>Eftir innritun í flugið þurftu farþegar að hima í hráslagalegum gangi (hlið A1) hátt í klukkutíma. Ekki svo mikið sem stóll til að tylla sér á og þröngt um farþega.</i></p>
	Annað	6	<p>Geri spurningu við auka tollskoðun í Keflavík. Af hverju þegar verið er að koma úr millilandaflugi og ekki er farið út úr flugstöð?</p>

Innritun og farangur

Nokkur fjöldi athugasemda eða 63 atriði vörðuðu innritun og farangur svarenda (sjá töflu 13).

Tvenns konar þemu voru greind:

Innritun farangurs á Akureyri (annað flugfélag)

Svarendur voru töluvert ósáttir við að geta ekki innritað farangur annan en handfarangur á Akureyri ef farið var í millilandaflug með öðru flugfélagi en Icelandair. Mörgum kom þetta í opna skjöldu og gerði þjónustuna flóknari. Tilhugsunin fyrir erlenda farþega í miðri Íslandsferð að geta mögulega ekki tekið farangurinn með heim var þungbær. Sumir svarendur gerðu sér þó grein fyrir því að ekki væri endilega við Air Iceland Connect að sakast. Dæmi voru um fólk sem hætti við tengiflug frá Akureyri og keyrði heldur suður til að geta tekið töskur með í millilandaflug.

Innritun erlendis

Nokkrir svarendur lendu í vandræðum á erlendum flugvöllum með innritun (og bókun) þótt farið væri með Icelandair. Stundum gekk það að innrita í tengiflugið en stundum ekki.

Annað

Fjögur atriði tengdust öðrum atriðum við innritun og farangur en talið er upp hér fyrir ofan. Þau vörðuðu farangursheimildir þar sem gerðar voru athugasemdir við leyfilega þyngd handfarangurs og kaup á farangursheimildum í millilandaflugi sem virtust ekki vera í samræmi við farangursheimild í tengiflugi.

Tafla 13 Athugasemdir svarenda: Innritun og farangur

Flokkur	Undirflokkur	Fjöldi	Dæmi um svör
Innritun og farangur	Innritun farangurs á Akureyri (annað flugfélag)	33	<p>Ég varð fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu að geta ekki innritað farangur sem ég var þó búin að greiða fyrir til Keflavíkur vegna þess að ekki eru samningar milli Air Iceland Connect og Wow, ég varð því að ferðast aðeins með handfarangur. Þetta er algerlega ólíðandi.</p> <p><i>I then found out that on my return flight, i would only be able to take hand luggage - doing exactly what with my suitcase??!! This is just beyond appalling that you only clearly spell out that when travelling with certain airlines you can't check in luggage in your emails to remind people about their flight. Absolutely horrendous. I really expected more from you. It left me in tears on my last day in Iceland thinking i might have to buy a hand luggage and leave my suitcase. Instead i bought a single flight with Iceland air which cost more than my original return flight.</i></p>
	Innritun erlendis	23	<p>Mikilvægt að erlendir aðilar viti hvernig á að tengja bæði miða og farangur til Akureyrar. Það væri best að fá miða alla leiðina heim svo að maður þurfi ekki að fara niður að töskubandi heldur biða uppi í fríhófn eins og aðrir í tengiflugi.</p> <p><i>Var frekar erfitt að innrita sig alla leið til Akureyrar á TXL flugvellingum í Berlín. Starfsmaðurinn í innrituninni vildi að við innrituðum okkur aftur inn þ.e. í flugið til Akureyrar þegar við lentum í Keflavík. Eftir smá þref og búin að sýna starfsmanninum báðar bókanirnar þá tókst þetta á endanum og hann innritaði okkur alla leið.</i></p>
	Annað	4	<p>Var með auka farangursheimild í Icelandairfluginu og lenti síðan í vandræðum með leggina hér innanlands</p>

Ófyrirsjáanlegt

Eins og sjá má í töflu 14 tiltóku svarendur 35 tilfelli þar sem eitthvað fór úrskeiðis sem ekki var hægt að sjá fyrir og hafði afleiðingar. Fjögur meginþemu mátti greina:

Ekki hægt að fljúga

Svarendur greindu frá nokkrum tilfellum þar sem ekki var hægt að fljúga s.s. vegna veðurs eða vélarbilunar. Fyrir nokkra þýddi þetta rútuferð til Keflavíkur, stundum með skömmum fyrirvara. Nokkrum svarendum fannst óþægilegt að vita ekki hvað tæki við og í einhverjum tilfellum var misræmi í upplýsingum til farþega.

Týndur farangur

Nokkrir farþegar höfðu lent í því að farangur týndist í flugi en komst að endingu í réttar hendur.

Seinkun

Dæmi voru um farþega sem misstu af tengiflugi vegna seinkana í millilandaflugi. Í nokkrum tilfellum fóru farþegar þess í stað án mikilla vandræða með flugi frá Reykjavík til Akureyrar.

Annað

Fimm atriði tengdust öðrum ófyrirsjáanlegum þáttum en nefndir eru hér að ofan og má þar nefna nauðlendingu á Keflavíkurflugvelli sem hafði mismunandi afleiðingar fyrir farþega.

Tafla 14 Athugasemdir svarenda: Ófyrirsjáanlegt

Flokkur	Undirflokkur	Fjöldi	Dæmi um svör
Ófyrirsjáanlegt	Ekki hægt að fljúga	17	<i>Ætti að vera meiri þjónusta við þessi flug ef eitthvað fer úrskaiðis. Fluginu okkar frá Ak-KEF var aflýst 12 tímum fyrir flug og við vorum heppin að vinnan reddaði bilaleigubílum til að ferja okkur suður. Kannski erfiðara að vera útlendingur og að lenda í svona vesni. Flugið frá Keflavíkur til Ak var fellt niður. En ég komst norður í gegnum Reykjavík.</i>
	Týndur farangur	7	<i>Við vorum tvær sem ferðuðumst, með tvær tæskur. Önnur taskan kom ekki með frá Keflavík til Gautaborgar. En fékk hina tveimur dögum seinna.</i>
	Seinkun	6	<i>Það var seinkun á flugi frá Prag til Frankfurt og þá misstum við af fluginu til Íslands og þ.a.l. af fluginu frá Keflavík -Akureyri.</i>
	Annað	5	<i>Ég var að vísu frekar óheppin þar sem flugið mitt frá Akureyri nauðlenti í KEF allt fór vel sem betur fer. Ég átti flug áfram með Icelandair og náði vélinni minni, margir aðrir úr vélinni misstu af sínu flugi og fengu enga aðstoð, þurftu að kaupa nýtt flug frá KEF.</i>

Aðrar athugasemdir

Nokkrar athugasemdir eða 25 atriði var ekki hægt að flokka í ofangreinda flokka (sjá töflu 15). Tíu þeirra vörðuðu þjónustu og aðstöðu á Akureyrarflugvelli, sem þótti bæði góð og slæm. Átta atriði snérust um dvöl ferðamanna á Íslandi eða á Norðurlandi sem þessum svarendum var afar ánægjuleg. Að lokum stóðu eftir stök atriði sem ekki var hægt að flokka með öðru og þau tengdust ekki innbyrðis. Dæmi um slíkt eru brýning um að bæta þurfi flokkun sorps og um nauðsyn þess að auka umræðu um umhverfismál.

Tafla 15 Athugasemdir svarenda: Aðrar athugasemdir

Flokkur	Undirflokkur	Fjöldi	Dæmi um svör
Aðrar athugasemdir	þjónusta/aðstaða Akureyrarflugvelli	10	<i>The air crew and staff at Akureyri were highly professional</i>
	Dvölin	8	<i>We LOVED it - tourism very light in November. Expensive for us though.</i>
	Aðrar athugasemdir (óflokkað)	7	<i>Would like to see more conversation efforts on the wildlife and environment. A good way is to have bins for separating plastic bottles, metal, glass, food waste in hotels or public places and raise awareness for keeping the environment clean and green.</i>

LOKAORÐ OG UMRÆÐUR

Helsta markmið könnunarinnar var að kanna viðhorf ferðamanna í beinu tengiflugi milli Keflavíkur og Akureyrar. Áhersla var lögð á að safna gögnum um erlenda ferðamenn í tengifluginu sem myndu varpa ljósi á ferðahegðun og neyslu þeirra á Norðurlandi. Einnig var kannað hvaða aðrir hópar hefðu verið í tengifluginu, hvað hefði einkennt þá, hvernig ferðaskipulagi þeirra hefði verið háttað, hvaða flugtengingar þeir hefðu notað ásamt viðhorfi þeirra til þjónustu flugfélagsins.

Alls svöruðu 635 manns könnuninni og voru konur hlutfallslega fleiri en karlar. Meðalaldur svarenda var 44 ár en svarendur með búsetu erlendis voru aðeins yngri (undir fertugu) en svarendur með búsetu á Íslandi (yfir fertugu). Þeir sem höfðu búsetu erlendis höfðu marktækt hærra menntunarstig og hærri tekjur en hópurinn sem hafði búsetu á Íslandi.

Hverjir fóru til útlanda?

Langstærsti hópurinn í tengifluginu hafði búsetu á Íslandi. Út frá upplýsingum um póstnúmer svarenda má greina að áhrifasvæði tengiflugsins er Eyjafjörður og starfssvæði Eyþings. Helmingur þessa hóps notaði tengiflugið báðar leiðir (Akureyri-Keflavík-Akureyri) í tengslum við millilandaflug. Hlutfallslega fóru fleiri í tengiflugið á leið heim eftir millilandaflug (legginn Keflavík-Akureyri) heldur en í upphafi ferðar (legginn Akureyri-Keflavík). Tilgangur ferðar var nokkuð fjölbreyttur en flestir voru á leið í frí (40%), í heimsókn til vina og ættingja (29%) eða voru í ferð vegna viðskipta/ráðstefnu/funda (16%). Ýmist fóru svarendur ferðina einir, með maka eða fjölskyldu. Ef horft er til þess hvert ferðin var farin má sjá að nokkur munur er eftir því hvort um var að ræða ferð að sumri eða vetri. Yfir sumarið var helst farið til Danmerkur, Þýskalands, Spánar eða Portúgals. Yfir veturinn var helst farið til Bretlands/Írlands. Meðaldvalarlengd erlendis var 9,9 nætur yfir sumarmánuðina en 7,2 yfir vetrarmánuðina.

Hverjir komu til Íslands?

Af þeim 27% svarenda sem voru í Íslandsferð voru 40% Íslendingar með búsetu erlendis og 60% voru erlendir ferðamenn eða 16,4% af heildarfjölda svarenda. Flestir höfðu búsetu á Bretlandseyjum, Danmörku, Noregi eða Þýskalandi. Langflestir, eða 70%, notuðu tengiflugið aðeins annan legginn í tengslum við Íslandsferð en 30% fóru báðar leiðir. Hlutfallslega fóru fleiri í tengiflugið á leið til Íslands (legginn Keflavík-Akureyri) heldur en í lok ferðar (legginn Akureyri-Keflavík). Flestir voru einir á ferð eða með maka. Meðaldvalarlengd á Íslandi var 11,4 nætur yfir sumarmánuðina og 11,3 yfir vetrarmánuðina og virðist vera töluvert lengri heldur

en í landamæra- og viðhorfs könnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslanda þar sem dvalarlengdin var á bilinu 8-9,3 nætur yfir sumarið og 4,9-5,8 nætur yfir veturinn. Líklegt er að skýringar um lengri dvöl á Norðurlandi megi að einhverju leyti rekja til þeirra sem voru á ferð vegna starfs (tímabundið eða til langtíma).

Langflestir þeirra sem töldust til erlendra ferðamanna, eða 70%, höfðu komið áður til Íslands. Samanburður við fyrri kannanir RMF á Akureyrarflugvelli sumrin 2010-2012 leiddi í ljós að hópurinn sem hefur komið áður til Íslands er hlutfallslega stærri en hann var áður. Rúmlega 40% höfðu ekki komið áður á Norðurland. Meðaldvalarlengd á Norðurlandi var 8,6 nætur yfir sumarið og 7,9 nætur yfir veturinn. Útreiknaður ferðavísir (e. *trip index*) er um og yfir 70% sem gefur til kynna að stærstur hluti Íslandsdvalar svarenda var á Norðurlandi. Ferðavísirinn er því vísbending um að Norðurland var að mestu leyti áfangastaður þeirra sem notuðu tengiflugið í Íslandsferð. Ef horft var til þess hvaða landshlutar aðrir en Norðurland voru heimsóttir var hátt hlutfall svarenda sem fór á höfuðborgarsvæðið áberandi. Líklegt er að þetta hafi verið vegna þess að tengiflugið var gjarnan notað aðeins aðra leiðina.

Rúmlega helmingur þeirra sem kom til Íslands tilgreindi heimsókn til vina og ættingja sem helsta tilgang ferðar og þrjú af hverjum tíu voru hér í fríi. Þessi hlutföll eru nokkuð ólík því sem komið hefur fram í öðrum könnunum hér á landi. Sem dæmi má nefna voru 86% svarenda landamæra- og viðhorfskönnunar Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands í fríi á Íslandi og tæp 3% voru í heimsókn hjá vinum og ættingjum.

Náttúra lokkaði ferðamenn norður en einnig heimsóknir til vina og ættingja, viðskipti eða tiltekin afþreying/iðja. Í þessum svörum birtast að hluta til aðrar áherslur en þegar spurt var um megintilgang ferðar en þá nefndu flestir að það væri vegna heimsókna til vina og ættingja. Engu að síður virðist stærstur hluti hópsins hafa verið í greiddri gistingu s.s. á hóteli, gistiheimili eða húsnæði í einkaeigu (greidd gisting) en aðeins 27% verið í ógreiddri gistingu. Þetta gefur vísbendingar um að ferðþjónustan ætti ekki að vanmeta hópinn sem heimsækir vini og ættingja (e. *visiting friends and relatives, VFR*). Iðulega er þessi hópur skilgreindur út frá megintilgangi ferðar (heimsókn til vina og ættingja) eða út frá gistimáta þar sem gist er hjá vinum og ættingjum/ógreiddri gistingu (Backer, 2012). Aftur á móti er ekki hægt að halda því fram að um einsleitán hóp sé að ræða þar sem heimsókn til vina og ættingja þarf ekki að vera eini tilgangur ferðar (Moscardo, Pearce, Morrison, Green og O'Leary, 2000). Ferðirnar geta tekið á sig margar myndir og heimsókn til vina og ættingja getur þannig verið einn hluti af ferð þar sem ánægja, viðskipti og heimsókn til vina og ættingja blandast saman (King, 1996 í Moscardo o.fl., 2000). Það má því segja að heimsókn til vina og ættingja geti verið hluti af

mörgum ástæðum fyrir því að heimsækja tiltekinn stað og hefur tengsl við annars konar ferðahegðun. Það kemur í ljós í niðurstöðum könnunarinnar að svarendur gerðu mjög margt í ferðinni og blönduðu saman samveru með heimamönnum og ferðatengdum upplifunum. Sjá má að hlutfall þeirra sem leigði bíl á Norðurlandi var nokkuð hátt (u.þ.b. helmingur) og ljóst að víða var farið um Norðurland í ferðinni (sbr. spurninguna um hvaða staðir voru heimsóttir). Einnig voru fjölbreyttir afþreyingarmöguleikar nýttir í ferðinni s.s. náttúruböð, sundferðir, hvalaskoðun og norðurljósaferðir.

Upplýsingar

Ljóst er að erlendir ferðamenn fengu mikið af sínum upplýsingum um Norðurland beint frá vinum og ættingjum. Vinir og ættingjar reyndust vera ein af mikilvægustu upplýsingaveitunum og virðist einu gilda hvort um var að ræða upplýsingar áður en ferðin er farin eða í bókunarferlinu. Þetta er í takti við erlendar rannsóknir þar sem óformlegar upplýsingaveitur á borð við vini og ættingja eða orðspor hafa reynst ferðamönnum vera bæði áberandi og mikilvægar þegar nýir (óþekktir) áfangastaðir eru að hasla sér völl (Dey og Sarma, 2010). Í sjálfri ferðinni var helst leitað að upplýsingum hjá vinum og ættingjum, almennum leitarvélum á netinu og opinberum ferðavefsíðum á borð við visiticeland.com og northiceland.com. Þessar niðurstöður hafa einnig samhljóm við niðurstöður erlendra rannsókna þar sem algengast er að leitað sé upplýsinga til þessara þriggja upplýsingaveita (Coromina, og Camprubí, 2016; Llodrà-Riera, Martínez-Ruiz, Jiménez-Zarco og Izquierdo-Yusta, 2015).

Upplifun

Líkt og sjá má í fyrri könnunum RMF í tengslum við millilandaflug á Akureyrarflugvelli voru erlendir ferðamenn mjög ánægðir með heildarupplifun sína af Norðurlandi. Minnistæðustu upplifanir ferðamanna tengdust náttúrunni s.s. landslag, norðurljós og veður en einnig við tilekna afþreyingu eða iðju s.s. böð, hvalaskoðun, gönguferðir eða eitthvað sem er bundið við tiltekna árstíðir (fjársmölun og berjatínsla). Verðlag og opnunartími, flugtengingar við Akureyri og strætósamgöngur voru meðal þeirra atriða sem svarendur töldu að helst mætti bæta hvað varðar ferðaþjónustu á Norðurlandi.

Tengiflugið og þjónusta flugrekanda

Mikil ánægja var hjá svarendum könnunarinnar með flesta þjónustupætti Air Iceland Connect sem spurt var um í könnuninni. Mest var ánægjan með það hvernig innritun á Akureyrarflugvelli gekk og með þjónustu Air Iceland Connect um borð í tengifluginu. Minnst ánægja var með sýnileika merkinga flugfélagsins á Keflavíkurlugvelli.

Athugasemdir svarenda í lok könnunarinnar veita athyglisverða innsýn inn í reynsluheim þeirra sem notuðu tengiflugið. Athugasemdir bárust frá hátt á þriðja hundrað svarendum en efnisleg atriði sem voru flokkuð og greind voru vel á fjórða hundað. Tvö þemu voru áberandi í athugasemdunum. Annars vegar tengiflugið sjálft og hins vegar upplifun farþega á Keflavíkurflugvelli. Hvað tengiflugið varðar var mest áberandi sá fjöldi svarenda sem lét ánægju sína í ljós með flugið sem valkost við millilandaflug. Athygli vakti að eftir að tilkynnt var um það í febrúar að tengiflugi yrði ekki haldið áfram fór að bera á vonbrigðum vegna þessa í athugasemdum svarenda. Einnig bar nokkuð á skoðunum farþega um að bæta þyrfti við tíðni og tímasetningu ferða. Hvað upplifun á Keflavíkurflugvelli varðar var greinilegt að einhverjir hnöktrar hafi verið á fyrirkomulaginu sem fólk upplifði á neikvæðan hátt. Mest áberandi voru athugasemdir um merkingar á flugvellingum og óskýrar leiðbeiningar um hvert ætti að fara við komuna úr millilandaflugi sem leiddu til misskilnings og stundum gremju. Einnig var í mörgum athugasemdum komið inn á langa bið á ýmsum stigum ferlisins s.s. við innritun, öryggisleit, kalli út í vél o.s.frv. sem hafi stundum valdið seinkunum á brottför til Akureyrar. Þessu tengt var aðstöðuleysi fyrir farþega í tengiflugi oft nefnt.

Lokaorð

Það kom nokkuð á óvart að samsetning farþeganna var önnur en talið var í byrjun verkefnisins og að erlendir ferðamenn voru eins fáir í hópi svarenda og raun bar vitni. Á þeim tíma sem könnunin fór fram virðast heimamenn hafa verið í meirihluta í tengifluginu. Af þeim sem komu til landsins voru langflestir að heimsækja vini og ættingja og þeir fengu mikið af sínum upplýsingum frá þeim hópi. Það mætti túlka þannig að það sé auðveldara að miðla nýrri flugleið til heimamanna og fólks sem hefur tengsl við svæðið. Þess má geta að í fyrri könnunum RMF í tengslum við millilandaflug á Akureyrarflugvelli sumrin 2010-2012 var hlutfall þess hóps sem hafði komið áður og hafði tengsl við Norðurland í byrjun hátt en fór lækkandi með tímanum (Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens, 2012). Þegar þetta er skrifað er orðið ljóst að Air Iceland Connect muni frá október 2018 halda áfram tengifluginu milli Keflavíkur og Akureyrar (RÚV, 2018, 4. maí). Tíminn mun því leiða í ljós hver þróunin í samsetningu ferðamanna verður.

HEIMILDIR

- Backer, E. (2012). VFR travel: It IS underestimated. *Tourism Management*. 33 (1), 74-79.
- Coromina, L. og Camprubí, R. (2016). Analysis of tourism information sources using a Mokken Scale perspective. *Tourism Management*. 56, 75-84.
- Dey, B. og Sarma, M.K. (2010). Information source usage among motive-based segments of travelers to newly emerging tourist destinations. *Tourism Management*. 31(3), 341-344.
- Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2011). *Millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Könnun meðal brottfararfarþega Iceland Express sumarið 2010*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Edward H. Huijbens og Jón Gestur Helgason. (2011). *Millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Könnun meðal brottfararfarþega hjá Iceland Express sumarið 2011*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens. (2012). *Millilandaflug um Akureyrarflugvöll – Könnun meðal brottfararfarþega sumarið 2012*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Jón Gestur Helgason. (2010). *Millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Könnun meðal brottfararfarþega Iceland Express sumarið 2009*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Ferðamálastofa. (e.d.). Mælaborð ferðabjónustunnar: Landamæra- og viðhorfskönnun. Sótt af <http://stjornstodin.is/maelaborð-ferdathjonustunnar> (síðast skoðað 26. júní 2018).
- Koo, T.T.R., Wu, C.L. og Dwyer, L. (2012). Dispersal of visitors within destinations: Descriptive measures and underlying drivers. *Tourism Management*, 33, 1209-1219.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2018). *Erlendir gestir á Akureyri sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjuskönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála
- Llodrà-Riera, I., Martínez-Ruiz, M.P., Jiménez-Zarco, A.I. Izquierdo-Yusta, A. (2015). A multidimensional analysis of the information sources construct and its relevance for destination image formation. *Tourism Management*. 48, 319-328.
- Markaðs- og miðlarannsóknir. (2012a). *Könnun meðal erlendra ferðamanna á Íslandi veturinn 2011/12 – unnið fyrir Ferðamálastofu*. Reykjavík: Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.
- Markaðs- og miðlarannsóknir. (2012b). *Könnun meðal erlendra ferðamanna á Íslandi sumarið 2011 – unnið fyrir Ferðamálastofu*. Reykjavík: Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.
- Maskína. (2014a). *Ferðamálastofa – Icelandic Tourist Board – Erlendir ferðamenn á Íslandi. Vetur 2013-2014*. Reykjavík: Maskína ehf.
- Maskína. (2014b). *Ferðamálastofa – Icelandic Tourist Board – Erlendir ferðamenn á Íslandi. Sumar 2014*. Reykjavík: Maskína ehf.

- Maskína. (2016a). *Ferðamálastofa – Icelandic Tourist Board – Erlendir ferðamenn á Íslandi. Vetur 2015-2016*. Reykjavík: Maskína ehf.
- Maskína. (2016b). *Ferðamálastofa – Icelandic Tourist Board – Erlendir ferðamenn á Íslandi. Sumar 2016*. Reykjavík: Maskína ehf.
- Mbl.is. (2017, 30. júní). *Eitt tengiflug á viku á sumrin*. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/06/30/eitt_tengiflug_a_viku_a_sumrin/ síðast skoðað 7. júní 2018.
- Moscardo, G., Pearce, P., Morrison, A., Green, D. og O’Leary, J.T. (2000). Developing a typology for understanding visiting friends and relatives markets. *Journal of Travel Research*. 38, 251-259.
- Page, S. (2009). *Transport and tourism*. Harlow: Prentice Hall.
- RÚV. (2018, 4. maí). *Áfram tengiflug milli Keflavíkur og Akureyrar*. <http://www.ruv.is/frett/afram-tengiflug-milli-keflavikur-og-akureyrar> síðast skoðað 20. ágúst.
- Túristi. (2018, 14. febrúar). *Draga sig út af breska markaðnum og hætta Keflavíkurflugi frá Akureyri*. <https://turisti.is/2018/02/draga-sig-ut-af-breska-markadnum-og-haetta-keflavikurflugi-fra-akureyri/> síðast skoðað 21. júní 2018.

VIÐAUKI 1

Spurningalisti

In what language would you like to answer the survey?/ Á hvaða tungumáli vilt þú svara spurningalistanum?

- a. English (next: Q1)
- b. Íslensku (næst: Sp. 48)

1. Gender:

- a. Male
- b. Female

2. Year of birth: (Fellilisti)

3. Country of residence: (Fellilisti)

(if respondents answer in English and country of residence is not Iceland they are asked to answer Q4-Q32. If respondents answer in English and country of residents is Iceland they are asked to answer Q33-Q47)

4. What is your level of education?

(Please select only the highest level)

- a. Primary school
 - b. Vocational and/or secondary schooling
 - c. University education (BA/BSc)
 - d. Postgraduate education (MA/MSc/MBA/PhD)
- 99 Do not know/do not wish to answer

5. Compared to the general population in your country, how would you rate the level of your total household income?

- a. Below average
 - b. Average
 - c. Above average
 - d. High
- 99 Do not know/do not wish to answer

6. Was your trip (to Iceland) organised by:

- a. A friend or family member
- b. A travel agent or tour operator
- c. Yourself
- d. Other (please specify): _____

7. With whom were you travelling?

(Please select all the relevant answers)

- a) None – travelled alone
- b) Spouse/partner

- c) Family/incl. child(ren)
- d) Friends
- e) A tour group
- f) Business partner(s)
- g) Colleague(s)
- h) Other (please specify) _____
- 99 Do not know/do not wish to answer

8. What was the main purpose of your visit to Iceland?

(Please only select one)

- a) Holiday, leisure and recreation
- b) Visiting friends/relatives
- c) Educational study
- d) Business/conference/meeting
- e) Short term or seasonal work
- f) Incentive or reward travel (your company/organisation is paying for the trip)
- g) Other (please specify) _____
- 99 Do not know/do not wish to answer

9. How many nights did you stay in Iceland? (Fellilisti)

10. Had you been to Iceland before your last visit? (Please only select one)

- a. Never
- b. Once
- c. 2-4 times
- d. Over 4 times

11. Did you use Air Iceland Connect's direct domestic flight between Keflavik International Airport (KEF) and Akureyri (AEY) for your trip in Iceland?

(Please only select one)

- a) I flew Akureyri – Keflavik – Akureyri
- b) I flew Keflavik – Akureyri – Keflavik
- c) I flew one way only; from Akureyri (AEY) to Keflavik International Airport (KEF)
- d) I flew one way only; from Keflavik International Airport (KEF) to Akureyri (AEY)
- 99 Do not know/do not wish to answer

12. What airline(s) did you use for trip to Iceland?

a. I arrived to Iceland with:

- | | | | |
|------------------------|-------------------|-------------------|-------------------------------|
| a) Air Baltic | i) Delta | q) Icelandair | y) Wizz Air |
| b) Air Berlin | j) Lufthansa | r) NIKI | z) Wow air |
| c) Air Canada | k) easyJet | s) Norwegian | Other (please specify) _____ |
| d) Air Greenland | l) Edelweiss | t) Primera Air | 98 I didn't fly to Iceland |
